FRÉTTABLAÐIÐ

176. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 13. ÁGÚST 2020



Iðandi líf er jafnan í gömlu höfninni í Reykjavík. Um borð í bátnum Neista var maður í gær að huga að ýmsum verkum sem vinna þarf í fleyjum sem róið er til fiskjar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lögreglan rannsakar ásakanir um saknæmt athæfi hjá Farvel

Tugir Íslendinga sátu eftir með sárt ennið við gjaldþrot ferðaskrifstofunnar Farvel vegna ferða sem greitt var inn á en aldrei voru farnar. Fjölskylda ein tapaði yfir þremur milljónum króna. Málið er rannsakað af lögreglu. Óskað er eftir að Umboðsmaður Alþingis skoði meinta linkind Ferðamálastofu gagnvart Farvel.

FERÐALÖG Ferðamálastofa svipti ferðaskrifstofuna Farvel starfsleyfi 18. desember síðastliðinn eftir að fyrirtækið hafði í fjórtán mánuði hunsað að bregðast við kröfu um hækkaða tryggingu. Við fall Farvel sátu fjölmargir eftir með sárt ennið vegna ferða sem aldrei voru farnar.

„Tryggingin sem Farvel var með dugði fyrir broti af fargjöldum viðskiptavina," segir Eiríkur Jónsson, fyrrverandi formaður Kennarasambands Íslands og einn þeirra sem hafði greitt inn á ferð hjá Farvel.

Eiríkur segir athæfi forsvarsmanns Farvel saknæmt. „Það var kallað eftir því að fólk greiddi inn á ferðir sínar þegar ljóst var í hvað stefndi," segir Eiríkur. Hann hafi greitt ferðina með greiðslukorti og því fengið hana endurgreidda að mestu.

„Þeir sem millifærðu inn á reikning fyrirtækisins töpuðu nánast öllu slíku. Ég veit af fjölskyldu sem millifærði um 3 milljónir en fékk aðeins 10 prósent frá Ferðamálastofu," segir Eiríkur sem kveður erindi vegna linkindar Ferðamálastofu gagnvart Farvel hafa verið sent Umboðsmanni Alþingis. Ferðamálastofu bárust 76 kröfur í tryggingasjóð vegna Farvel. Meðal endurgreiðsla var um 10 prósent.

> **Við teljum að þarna hafi saknæmt athæfi átt sér stað.**
>
> Helena Þ. Karlsdóttir, forstöðumaður hjá Ferðamálastofu

„Þetta er eitt dæmi þess að við mælum hiklaust með því að fólk greiði slíkar ferðir með greiðslukortum," segir Helena Þ. Karlsdóttir, forstöðumaður hjá Ferðamálastofu.

Aðspurð af hverju ekki hafi verið fyrr gripið inn í gagnvart Farvel segir Helena að slíkar stjórnsýslulegar ákvarðanir taki einfaldlega tíma.

„Þetta er mjög öfgakennt dæmi og sem betur fer sjaldgæft að slíkir viðskiptahættir eigi sér stað. Við teljum að þarna hafi saknæmt athæfi átt sér stað og bíðum nú niðurstöðu lögreglurannsóknar." segir Helena Þ. Karlsdóttir. – **þþ**

Valið brýtur blað

BANDARÍKIN Kamala Harris er varaforsetaefni Joe Biden í forsetakosningum vestra í haust. Hin 55 ára Harris er lögfræðingur og er margreynd úr bandarískri stjórnsýslu. Val á henni kom ekki alls kostar á óvart þó þau Biden hefðu tekist hart á þegar Harris freistaði þess að hljóta útnefningu Demókrata sem forsetaefni, en hún dró sig út úr þeirri baráttu í desember á síðasta ári.

Kamala Harris

Valið brýtur blað í bandarískri stjórnmálasögu því hún er bæði fyrsta svarta konan í framboði fyrir annan stóru flokkana en einnig fyrsta asíska konan í framboði til varaforseta, en móðir hennar er indversk að uppruna og faðir frá Jamaíka. – **khg** / **sjá síðu 8**

Veður



Suðvestan 13-23 m/s í dag, hvassast norðvestantil. Talsverð rigning á vestanverðu landinu og hiti 10 til 15 stig. Yfirleitt þurrt austanlands með hita á bilinu 18 til 25 stig.
SJÁ SÍÐU 24

Verðlagsstofa skiptaverðs tók saman upplýsingar um karfa.

Samantekt um karfaútflutning

STJÓRNSÝSLA Verðlagsstofa skiptaverðs tók saman upplýsingar um karfaútflutning áranna 2010 og 2011 og sendi úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna vegna athugunar á máli sem var til umfjöllunar hjá nefndinni.

» Um var að ræða skjal sem unnið var upp úr gagnagrunni Verðlagsstofu skiptaverðs segir stofnunin nú í yfirlýsingu.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem Verðlagsstofa skiptaverðs sendi frá sér í gær vegna ásakana Samherja á hendur RÚV og fréttamanninum Helga Seljan um að hafa falsað gögn við gerð Kastljóssþáttar um fyrirtækið árið 2012.

Í yfirlýsingunni segir að um hafi verið að ræða excel-skjal sem unnið var af starfsmanni Verðlagsstofu og innihélt tölulegar upplýsingar sem unnar voru upp úr gagnagrunnum Fiskistofu. Í skjalinu er tafla sem sýnir allan útflutning á karfa frá Íslandi yfir fyrrgreint tímabil eftir hvaða skip veiddi aflann, aflaverðmæti og magni.

Ekki var skrifuð sérstök skýrsla og ekki lagt efnislegt mat á þær upplýsingar sem þarna voru dregnar saman og sendar úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna í byrjun árs 2012. **– ab**

Að hætti Barcelona

Krakkarnir í FC Barcelona fótboltaskólanum tóku vel á því á Kópavogsvelli í gær. Skólahaldið er frábrugðið því frá fyrri árum vegna COVID-19. Meðal annars eru allir þjálfarar hitamældir fyrir æfingar og bera þeir grímur. Þá er foreldrum bannað að fylgjast með og mega ekki fylgja börnum sínum inn á æfingasvæðið nema brýna nauðsyn beri til. En krakkarnir skemmta sér þó vel og verða reynslunni ríkari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ísland líklega af komulista Breta

BRETLAND Breska ríkisstjórnin mun á næstu dögum endurskoða lista þeirra ríkja þaðan sem farþegar þurfa ekki að fara í fjórtán daga sóttkví eftir að koma frá. Talið er líklegt að allt að 14 ríki verði tekin af listanum vegna fjölgunar COVID-19 tilfella, þar á meðal á Íslandi.

Af þessum ríkjum sem eru til skoðunar eru Frakkar efstir á lista. Þar hefur tilfellum fjölgað úr á hverja 100 þúsund íbúa í 18 á aðeins einni viku. En Frakkland er einn allra vinsælasti ferðamannastaður Breta og þar eiga margir sumarhús.

Til samanburðar þá eru tilfellin 12 á hverja 100 þúsund í Portúgal og farþegar þaðan verða að fara í sóttkví. Er því líklegt að Frakkland, Ísland, Danmörk, Holland, Pólland, Tékkland og fleiri ríki sem eru með hærra hlutfall en Portúgal verði tekin af listanum.
– khg

Áminntur eftir að upp úr sauð á skákmóti

Stórmeistarinn Héðinn Steingrímsson var áminntur af dómstóli Skáksambands Íslands eftir deilur við andstæðing á skákmóti um staðsetningu skákborðsins. Þeir hittust óvænt sama dag í Elliðaárdal og þar sauð upp úr.

SKÁK Stórmeistarinn Héðinn Steingrímsson var áminntur af dómstóli Skáksambands Íslands, en úrskurður þess efnis var birtur á vef sambandsins í gær. Málið snýr að uppákomu sem átti sér stað á skákmóti á vegum Taflfélags Reykjavíkur í sumar og eftirmálum þess, en fyrir dómstólnum lá krafa um að Héðinn yrði dæmdur í allt að þriggja mánaða keppnisbann vegna málsins.

Tilvikið sem um ræðir átti sér stað á fyrsta skákmóti Brim-mótaraðarinnar sem fór fram í félagsheimili Taflfélags Reykjavíkur í júní í sumar. Í óumdeildri úrslitaskák mótsins mættust landsliðsmennirnir Héðinn og Guðmundur Kjartansson, alþjóðlegur meistari.

Héðinn og Guðmundur hafa marga hildi háð og skemmst er að minnast úrslitaskákar Íslandsmótsins árið 2017 þar sem Guðmundur hafði sigur eftir mikla baráttu og skaust fram úr Héðni í lokaumferðinni. Þar var bardaginn útkljáður á borðinu, en á umræddu Brim-móti var engum leik leikið.

Samkvæmt gögnum málsins mætti Héðinn nokkrum mínútum of seint og hafði skákklukkan þá verið gangsett. Hann settist við borðið og togaði til sín skákborðið en Guðmundur togaði á móti. Þar sem skákmennirnir gátu ekki komið sér saman um hvar skákborðið væri nákvæmlega á miðju borðsins þá kölluðu þeir á skákstjóra til að leysa málið. Þrátt fyrir mælingar skákstjóra var Héðinn ósáttur og eftir að nokkur þung orð voru látin falla yfirgaf hann skáksalinn í fússi.

Eftir nokkra stund sneri hann aftur að skákborðinu og krafðist þess að skákin myndi hefjast aftur og skákklukkan yrði endurræst. Það féllst skákstjóri ekki á og yfirgaf þá Héðinn skákstað. Skákin var dæmd töpuð á Héðin og síðar komst skákstjóri að þeirri niðurstöðu að vísa honum af mótinu fyrir óíþróttamannslega hegðun.

Héðinn og Guðmundur hafa marga hildi háð við skákborðið. MYND/AÐSEND

» Hafi Guðmundur þá ákveðið að flýja af vettvangi en Héðinn þegar hafið eftirför.

Rimmunni var þó hvergi nærri lokið. Eftir fjaðrafokið ákvað Guðmundur að ganga heim til sín í Ártúnsholtið. Hann tók lengri leið í gegnum Elliðaárdalinn og gekk þar beint í flasið á Héðni.

Í gögnum dómstólsins eru keppendur sammála um að það hafi verið helber tilviljun enda hafi þeir að minnsta kosti tvisvar áður mæst á göngu um dalinn.

Þarna voru hins vegar tilfinningarnar í botni og heldur Guðmundur því fram að Héðinn hafi ausið yfir sig svívirðingum, meðal annars um að hann væri svindlari, og að auki rifið í hann. Hafi Guðmundur þá ákveðið að flýja af vettvangi en Héðinn þegar hafið eftirför.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins heldur Héðinn því fram að upplifun Guðmundar af fundi þeirra sé bjöguð og röng. Þeir hafi vissulega haft orðaskipti en hegðun Héðins hafi ekki verið á nokkurn hátt ógnandi.

Það liggur þó fyrir að Guðmundur stoppaði vegfarendur og fékk að hringja hjá þeim í lögreglu.

Dómstóll Skáksambandsins komst að þeirri niðurstöðu að um tvö aðskilin atvik væri að ræða. Ákvað dómstóllinn að áminna Héðin fyrir hegðun sína í skáksal en fundurinn í Elliðaárdal hafi verið fyrir utan lögsögu dómstólsins.
bjornth@frettabladid.is

Kálí botn

Inniheldur 92% vatn

Hefurðu heyrt um fitusnautt kósíkvöld? Fjöldi fólks býr til pizzubotna úr blómkáli, en það inniheldur ekki örðu af fitu. Hafðu þó hugfast að blómkál ber enga ábyrgð á því áleggi sem þú velur.

islenskt.is

Sölufélag garðyrkjumanna

Íslenskt grænmeti

Þú veist hvaðan það kemur

KOLEFNISJAFNAÐ KOLVIÐUR ICELAND CARBON FUND FRÁ BÓNDA TIL ÞÍN

Fyrsti dagur gluggans gekk ekki fyrir eldflaugaskotið á Langanesi

GEIMVÍSINDI Tilraunaskot á Skylark Micro eldflaug skoska fyrirtækisins Skyrora frá Langanesi, gat ekki farið fram í gær vegna veðurs. Fyrsti skotglugginn opnaðist í gær og mun standa fram á sunnudag. Staðan verður tekin aftur í dag.

Katie Miller, verkefnastjóri hjá Skyrora, segir að mikill undirbúningur og prófanir liggi að baki eldflauginni. „Þetta snýst allt um veðrið. Það eru mörk á því hvað vindurinn getur verið mikill, ekki bara á jörðu niðri heldur alveg upp í þá hæð sem eldflaugin fer," segir Miller.

Hún segir að það megi heldur ekki vera of lágskýjað til að tilraunaskotið geti farið fram. „Við höfum nokkra daga sem við getum skotið eldflauginni á loft. Þannig að við erum vongóð um að finna hentugan glugga í veðrinu."

Fari svo að ekki verði hægt að skjóta eldflauginni upp í þessum skotglugga þarf að sækja um nýjan glugga. Tilraunaskotið er liður í áhættustýringu vegna fyrirhugaðra áætlunarskota Skyrora.

Eldflauginni verður skotið upp frá Sauðanesi á Langanesi. MYND/SKYRORA

Geimvísinda- og tækniskrifstofa Íslands hefur verið fyrirtækinu innan handar við undirbúning og framkvæmd verkefnisins hér á landi.

„Það er auðvitað engin geimvísindastofnun á Íslandi en það er hins vegar geimvísinda- og tæknigeiri. Hingað kemur mikið af vísindamönnum og það er fullt af fyrirtækjum sem tengjast þessu," segir Atli Þór Fanndal, yfirmaður skrifstofunnar.

Hann segir skrifstofuna aðstoða þá aðila sem vilji koma til Íslands. Til dæmis hafi fyrir um mánuði komið hingað vísindamenn frá Evrópsku geimvísindastofnuninni (ESA) sem vinni að þróun híbýla á Mars.

„Það er okkar hlutverk að auka og þróa atvinnu- og verðmætasköpun tengda geimvísindum. Við vinnum þjónustuhlutverk sem margar geimvísindastofnanir myndu kannski annars vinna," segir Atli Þór. **– sar**

Í skólastofunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Starfsfólki án réttinda fjölgar

MENNTAMÁL Starfsfólki við kennslu í grunnskólum með kennsluréttindi fækkaði um rúm sex prósentustig í landinu frá 2017 til 2019. Samkvæmt Hagstofunni fór hlutfallið úr rúmu 91 prósenti árið 2017 niður í rúm 85 prósent 2019.

Á höfuðborgarsvæðinu fór hlutfallið úr tæpum 94 prósentum í 87 prósent. Inni í tölunum eru kennarar, deildarstjórar og skólastjórar.

Fjölgun starfsfólks án kennsluréttinda var mest á Austurlandi og á Suðurnesjum, fór úr rúmum 18 prósentum upp í tæp 27 prósent. **– ab**

Vilja rafrænar undirskriftir

REYKJAVÍK Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík leggur til í borgarráði í dag að teknar verði upp rafrænar undirskriftir í ráðum og nefndum.

„Iðulega þurfa þeir sem sitja fundi í ráðum borgarinnar að bíða í klukkutíma eftir að fá að rita undir fundargerðir með penna. Og undanfarnar vikur hefur þurft að sótthreinsa pennana," segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðismanna.

» Sjálfstæðismenn vilja spara tíma með rafrænum undirskriftum fundargerða.

„Í nútímarekstri banka, fyrirtækja og ríkisstofnana er boðið upp á rafrænar undirskriftir með símum. Það því kominn tími til að Reykjavíkurborg taki skref inn í nútímann hvað þetta varðar." **– ab**

Notkun lúpínu til mann- og dýraeldis rannsökuð hjá HÍ

Hópur kennara og nema við matvælafræðideild Háskóla Íslands rannsakar nú hvort hægt sé að nota íslensku lúpínuna í manneldi, dýraeldi eða hugsanlega lyfjaiðnað. Þegar er ein vara í lokaprófunum.

VÍSINDI Fáar eða engar jurtir kljúfa íslensku þjóðina jafn mikið og lúpínan gerir. Sumir dást að fagurbláum breiðum hennar og benda á að hún bindur jarðveginn og kemur í veg fyrir að Ísland fjúki út á Atlantshafið. Hjá öðrum springa æðar í enninu við tilhugsunina um þennan arfa sem hrindir öðrum jurtum úr vegi og vilja helst ráðast gegn honum með eitri og eldi.

Nú hafa nokkrir kennarar og nemendur við Háskóla Íslands lagst í rannsóknir á nýtingu lúpínunnar og hafa þegar hannað vöru sem brátt verður gerð opinber.

Braga Stefaný Mileris, leiðbeinandi og doktorsnemi í matvælafræði, segir að varan sé nú í prófunum en þróun hennar var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Rannsóknir munu halda áfram og að verkefninu standa einnig Björn Viðar Aðalbjörnsson lektor og nemarnir Kristín Elísabet Halldórsdóttir og Axel Sigurðsson.

Braga segir að erlendar rannsóknir bendi til þess að það sé mjög mikið af lífvirkum efnum í íslensku lúpínunni en hafa beri í huga að hún er af öðrum meiði og bitrari en hin sæta lúpína sem sést víða erlendis. Til þess að hægt sé að nota hana í matvæli verði að vera hægt að sigta bitruna frá. En lífvirku efnin benda til þess að hægt sé að nota hana í lyfjaiðnaði svo dæmi sé tekið.

„Lúpínan er ekki nýtt hérna á Íslandi en úti á Spáni er hægt að kaupa lúpínubaunir í venjulegum stórmörkuðum rétt eins og til dæmis kjúklingabaunir," segir Braga. Hún segir að í upphafi hafi hugsunin verið að þróa dýrafóður úr íslensku lúpínunni, því það sé auðveldari verkun. En síðar hafi verið farið að líta til manneldis einnig.

Lúpínan er fagurblá en sumir sjá þó rautt yfir hinni umdeildu jurt í íslenskri náttúru. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Lúpínan vex í jarðvegi sem ekkert annað þrífst í. Hérna sem ég bý sé ég hana vaxa í möl.**
>
> Braga Stefaný Mileris, doktorsnemi og leiðbeinandi

Möguleikarnir eru miklir og aðstæðurnar góðar. Lúpínan er harðgerð planta sem vex mjög auðveldlega í íslensku landslagi og loftslagi. „Lúpínan vex í jarðvegi sem ekkert annað þrífst í. Hérna sem ég bý sé ég hana vaxa í möl," segir Braga. Hún segist gera sér grein fyrir hversu umdeild lúpínan er en sjálf skipar hún sér í flokk aðdáenda og finnst hún ljómandi falleg.

Braga gerir ráð fyrir að efnagreina lúpínuna í þaula næstu tvö árin. Á mismunandi vaxtarskeiðum og vaxtarhæðum. Þó að Braga sé ekki orðin þrítug að aldri er þetta ekki í fyrsta sinn sem hún kemur að vöruþróun en árið 2018 þróaði hún vörulínu af loftpoppuðu byggi í samstarfi við Hildi Guðrúnu Baldursdóttur, þegar þær voru við matvælafræðinám. **kristinnhaukur@frettabladid.is**

ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

ÚTSALAN ER HAFIN

ÚTSALA 20-70% AFSLÁTTUR

SÝNINGARRÚM
20-50%
AFSLÁTTUR

SÓFAR
20-70%
AFSLÁTTUR

HÆGINDA STÓLAR
20%
AFSLÁTTUR

SÝNINGAR HÚSGÖGN
20-50%
AFSLÁTTUR

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Ítalir líklegastir til að yfirgefa ESB

EVRÓPA Ítalir eru líklegastir af stóru þjóðum Evrópusambandsins til að yfirgefa ESB ef hagsæld Breta reynist meiri utan sambandsins eftir útgönguna en fyrir. Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar sem gerð af var Redfield and Wilton Strategies fyrir Euronews. Kemur í ljós að rúmlega 45 prósent Ítala séu tilbúnir að styðja útgöngu úr ESB, reynist efnahagur Bretlands í góðu ástandi eftir fimm ár.

Könnuð var afstaða þriggja annarra þjóða: Frakka, Spánverja og Þjóðverja. Nokkur stuðningur reyndist vera við útgöngu, hvort tveggja í Frakklandi og á Spáni. Stuðningur Frakka reyndist 38 prósent og Spánverja 37 prósent.

Stuðningurinn við útgöngu úr Evrópusambandinu reyndist hins vegar nokkru minni meðal Þjóðverja, eða 30 prósent.

Svipað hlutfall þeirra taldi líklegt að Bretar myndu hafa það betra utan ESB en innan. Könnunin var gerð 17. til 18. júlí og náði til 1.500 manns í hverju landi. **– ab**

Gianluigi stofnaði flokk á Ítalíu sem berst fyrir útgöngu úr ESB. MYND/EPA

Hlutdeildarlán eiga að aðstoða ungt fólk og tekjulágt að komast á húsnæðismarkað. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Telur stutt í að nefndin afgreiði hlutdeildarlánin

Frumvarp félagsmálaráðherra um hlutdeildarlán verður til umfjöllunar á fundi velferðarnefndar í dag. Farið verður yfir breytingatillögur meirihlutans. Verkalýðshreyfingin leggur mikla áherslu á afgreiðslu málsins í haust.

HÚSNÆÐISMÁL Velferðarnefnd Alþingis mun á fjarfundi í dag taka upp þráðinn þar sem frá var horfið með frumvarp félagsmálaráðherra um hlutdeildarlán. Frumvarpinu, sem er hluti af aðgerðum stjórnvalda vegna lífskjarasamninga, er ætlað að auðvelda ungu fólki og tekjulágum að komast inn á húsnæðismarkaðinn.

Upphaflega stóð til að afgreiða málið síðastliðið vor en ákveðið var að fresta því til hausts. Alþingi mun koma saman til framhaldsfunda í lok mánaðarins en þá verður einnig lögð fram fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025 og fjallað um breytingar á fjármálastefnu fyrir árin 2018-2022.

„Ég tel að við eigum ekki langt í land með að klára málið út úr nefndinni. Áður en við fórum í frí kynntum við áherslur meirihlutans fyrir nefndinni þannig að nefndarmenn hafa fengið tíma til að melta þetta," segir Halla Signý Kristjánsdóttir, fulltrúi Framsóknarflokksins í velferðarnefnd og framsögumaður málsins í nefndinni.

Hún segir að sumarið hafi meðal annars verið nýtt til að viðra tillögurnar við ráðuneytið. Gestakomum í nefndinni lauk í júní og segir Halla Signý að nú verði farið yfir áherslur nefndarmanna.

> **Við erum að taka tillit til umsagna svona eins og þol er.**
>
> Halla Signý Kristjánsdóttir, fulltrúi Framsóknarflokksins í velferðarnefnd og framsögumaður málsins

„Við ætlum okkur núna að fara yfir það og taka annan snúning áður en við sendum þessar breytingatillögur til umsagnar hjá hagsmunaaðilum."

Halla Signý segist vilja kynna lokatillögur meirihlutans fyrir nefndinni áður en hún ræði innihald þeirra frekar.

„Grunnmarkmið frumvarpsins heldur sér að mestu leyti en svo eru líka tæknilegar breytingar og útfærslur sem við leggjum til. Við erum í raun að taka tillit til athugasemda sem komu fram. Það er þó aldrei hægt að gera öllum til geðs en við erum að taka tillit til umsagna svona eins og þol er," segir Halla Signý.

Umsagnaraðilar gerðu ýmsar athugasemdir við einstaka þætti frumvarpsins þótt flestir hafi lýst yfir stuðningi við markmið þess. Verkalýðshreyfingin hefur lagt mikla áherslu á að málið verði afgreitt.

„Við bíðum mjög spennt eftir því að sjá hvað kemur út úr vinnu nefndarinnar. Þetta er auðvitað gríðarlega mikilvægt mál fyrir okkur," segir Kristján Þórður Snæbjarnarson, 1. varaforseti ASÍ.

Verkalýðshreyfingin hefur þó gagnrýnt nokkra þætti frumvarpsins og þá helst að sett séu tekjumörk á þá sem geta nýtt sér úrræðið.

„Ég geri ráð fyrir því að það sé verið að taka tillit til þess. Þegar við vorum að vinna í þessu þá var þetta ekki hluti af því uppleggi. Það mun skipta miklu máli að það verði gert og hvernig það verður gert. Þetta þarf að vera almennara úrræði fyrir fleiri hópa," segir Kristján Þórður.

Þá minnir hann á að afgreiðsla málsins tengist kjarasamningunum og endurskoðun þeirra í haust. „Þess vegna er það gríðarlega mikilvægt að þetta klárist núna þegar þingið kemur aftur saman."

sighvatur@frettabladid.is

Sigurvegarinn í Fantasy á heimsvísu dæmdur úr leik fyrir rasísk ummæli

ÍÞRÓTTIR Búlgarinn Aleksandar Antonov sem fékk flest stig í Fantasy-deild ensku Úrvalsdeildarinnar á heimsvísu, hefur verið dæmdur úr leik. Hann fékk tilkynningu um það frá Úrvalsdeildinni að aðgangi hans hefði verið eytt þar sem hann hefði brotið reglur leiksins.

Breski miðillinn The Guardian greinir frá því að ástæðan sé rasísk ummæli Antonov um leikmann sem talinn er vera Raheem Sterling. Ummælin eiga að hafa fallið í spjalli á netinu við vini.

Antonov segist í myndbandi sem var birt á YouTube hafa sent Úrvalsdeildinni útskýringar á málinu. Hann segist ekki vera rasisti heldur hafi ummælin fallið vegna pirrings með frammistöðu leikmannsins.

Rasísk ummæli um Raheem Sterling urðu til þess að sigurvegarinn í Fantasy var dæmdur úr leik. MYND/EPA

Antonov segir að í þessu spjalli sé hann að grínast við vini sína um fótbolta. Það hafi ekki verið ætlunin að móðga leikmenn enda myndi hann aldrei segja slíka hluti beint við þá.

Brottvísun Antonov þýðir að Englendingurinn Joshua Bull hefur verið krýndur sigurvegari.

Bull hlaut 2.557 stig en Antonov endaði með 2.575 stig en alls voru þátttakendur rúmlega 7,6 milljónir. Þess má geta að norski stórmeistarinn Magnus Carlsen endaði í tíunda sæti en hann var um tíma efstur.

Bull, sem er stærðfræðingur og starfar við krabbameinsrannsóknir við Oxford háskóla, vildi ekki tjá sig við The Guardian um ástæður þess að Antonov hefði verið dæmdur úr leik. **– sar**

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
JEAN PAUL GAULTIER ILMUM
DAGANA 13. - 19. ÁGÚST

HAGKAUP
Snyrtivara

Val Joes Biden á Harris sem varaforsetaefni kom fáum á óvart þrátt fyrir harðar rimmur þeirra í kappræðum. Engu að síður er það talið brjóta blað í stjórnmálasögu Bandaríkjanna. MYND/EPA

Hafnar því að vera kvenkyns Obama

Joe Biden, forsetaframbjóðandi Demókrata, valdi Kamölu Harris sem meðframbjóðanda. Harris sóttist eftir að verða forsetaefni en dró framboð til baka í desember. Hún á umdeildan feril sem saksóknari en er nú annar öldungadeildarþingmaður Kaliforníufylkis.

BANDARÍKIN Kamala Devi Harris, 55 ára öldungadeildarþingmaður frá Kaliforníu, er frambjóðandi Demókrataflokksins til varaforseta Bandaríkjanna. Joe Biden forsetaframbjóðandi tilkynnti val sitt á þriðjudag og kom það fæstum á óvart. Hann hafði áður gefið það út að hann myndi velja konu og þótti Harris líklegust.

Tímasetning tilkynningarinnar kemur heldur ekki á óvart. Vika er í landsfund Demókrataflokksins og val á varaforsetaefni gefur frambjóðendum ávallt svolítið trukk, líkt og fundurinn sjálfur. Biden hefur verið að dala örlítið í könnunum undanfarið, en hefur ennþá afgerandi forystu. Vonast er til að hún verði enn meiri eftir landsfundinn sem að þessu sinni er haldinn í Milwaukee, stærstu borg Wisconsin, sem er eitt af helstu baráttufylkjunum í kosningunum. Fundurinn verður þó með óhefðbundnu sniði og að stærstum hluta fjarfundur.

Ættuð frá Indlandi og Jamaíka

Valið á Harris brýtur blað í stjórnmálasögu Bandaríkjanna því hún er fyrsta svarta konan í framboði fyrir annan hvorn stóra flokkinn. Hún er einnig fyrsta asíska konan í framboði, en móðir hennar er indversk að uppruna og faðir hennar frá Karíbaeyjunni Jamaíka. Harris er hins vegar fædd í borginni Oakland og alin upp í Kaliforníu og Quebec í Kanada en foreldrar hennar skildu þegar hún var sjö ára gömul.

Harris stefndi á lögfræði og nam við Howard háskólann í Washington og Kaliforníuháskólann í San Francisco. Árið 1990 hóf hún störf sem saksóknari í Oakland og á næstu árum vann hún sig upp metorðastigann í kerfinu.

Mikill stuðningur innan flokks

Árið 2003 bauð hún sig fram til borgarsaksóknara San Francisco og naut stuðnings margra stórbokka í Demókrataflokknum. Þar á meðal öldungadeildarþingmannsins Diane Feinstein, þingmannsins og núverandi forseta neðrideildar Nanci Pelosi, og borgarstjórans Willie Brown sem jafnframt er fyrrverandi sambýlismaður Harris.

Í kosningabaráttunni fékk Harris þunga sekt fyrir að hafa eytt langt umfram leyfilegt hámark í auglýsingar og viðurkenndi sök í því máli. Engu að síður sigraði hún kosningarnar og sjö árum síðar var hún kjörin aðalsaksóknari Kaliforníufylkis. Athygli vekur að meðal þeirra sem styrkt hafa framboð Harris í gegnum tíðina eru Donald Trump Bandaríkjaforseti og Ivanka Trump dóttir hans.

Harris var orðuð við embætti ríkissaksóknara Bandaríkjanna og stöðu hæstaréttardómara, en ákvað frekar að taka beinan þátt í stjórnmálum á þinginu. Þegar hún tilkynnti um framboð til öldungadeildarinnar árið 2016 fylktu allir stórbokkarnir í Demókrataflokknum í Kaliforníu sér á bak við hana og kannanir sýndu yfirburðafylgi, sem hún á endanum hlaut í kosningunum. Mótframbjóðandi hennar var Loretta Sanchez, þingmaður Demókrata, en Repúblikanar höfðu þá gefist upp á Kaliforníu.

Ýmis mál hafa komið upp í embættistíð Harris sem saksóknara sem hafa valdið titringi. Meðal annars aðgerðaleysi hennar gagnvart vísindamanni á rannsóknarstofu lögreglunnar sem hafði stolið fíkniefnum. Um 600 dómsmál glötuðust vegna þessa starfsmanns. Harris þótti þó almennt hörð í horn að taka og sakfellingarhlutfall hækkaði um meira en 10 prósent.

Rimmur við Biden

Árið 2014 giftist Harris Douglas Emhoff, lögfræðingi sem starfar fyrir skemmtanaiðnaðinn í Kaliforníu. Saman eiga þau engin börn en hann á tvö úr fyrra hjónabandi. Meðal helstu áhugamála Harris er póker en hún þykir slyngur spilari.

Í janúar 2019 tilkynnti Kamala Harris um framboð sitt til forseta Bandaríkjanna. Hún þótti standa sig vel í kappræðum og mældist með allt að 20 prósenta fylgi. Meðal annars skaut hún föstum skotum á Joe Biden, en hældi Bernie Sanders. Þegar á leið dró úr fylgi hennar, sér í lagi eftir harðar kappræður við Joe Biden í ágúst, og festist í 5 til 8 prósentum. Þá var ljóst að forvalið yrði kapphlaup milli Biden, Sanders og Elizabeth Warren. Í desember 2019, áður en fyrsta forvalið í Iowa fór fram, dró Harris framboð sitt til baka.

Sumir hafa líkt Harris við eins konar „kvenkyns Obama“ en hún kann illa við það. Framboð hennar hefur eðli málsins samkvæmt byggst á réttlætismálum og umbótum í dómskerfinu, fremur en til dæmis heilbrigðismálum sem Obama var þekktur fyrir.

Snemma fóru skýrendur að orða hana við framboð til varaforseta með Biden og í apríl síðastliðnum sagðist hún vilja það. Í kjölfarið var hún talin líklegust til þess að hreppa tilnefninguna. Með valinu á Harris vonast Biden til þess að fá fleiri konur á kjörstað og sérstaklega úr minnihlutahópum. Það gæti haft töluverð áhrif í hinu svokallaða ryðbelti, Pennsylvaníu, Michigan og Wisconsin, en einnig í Suðurríkjunum, þá helst Norður-Karólínu og Georgíu. Kalifornía þarf hann ekki að hafa áhyggjur af.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Höfðar ekki til unga fólksins á sama hátt og Bernie Sanders

Silja Bára Ómarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, segir að valið á Harris hafi alls ekki komið á óvart. Frekar hversu margar konur hafi verið til skoðunar.

„Hún hefur gríðarlega mikla reynslu af framboðum og ólíkt hinum sem komu til greina hefur hún gegnt framkvæmdavaldsstöðu. Það er einn helsti styrkurinn sem hún hefur,“ segir Silja. „Hún hefur einnig reynst sterk í yfirheyrslum í þinginu, hugsar hratt og verður vafalaust góð í kappræðum.“

Aðspurð um veikleika segir Silja að Harris höfði ekki jafnmikið til ungs fólks og til dæmis Bernie Sanders geri. Það sé einnig svolítil þversögn fólgin í því að vera fyrsta blökkukonan sem býður sig fram til þessa embættis en jafnframt ekki vera mjög tengd baráttumálum eins og þeim sem Black Lives Matter standa fyrir. „Hún var mjög harður saksóknari og tók þátt í að viðhalda fangelsismenningu í Kalifornía sem kemur sérstaklega hart niður á svörtu fólki,“ segir Silja.

Samkvæmt Silju hefur varaforsetaframbjóðandinn í raun lítil áhrif á útkomu kosninganna. Harris verði þó óumdeilanlega í sterkri stöðu til að sækjast eftir embætti forseta í framtíðinni, ef Biden verður kjörinn í nóvember.

„Það er nokkuð táknrænt að hún sé fædd um það leyti sem löggjöfin um kynþáttajafnrétti var sett, en þá fengu svartar konur mjög víða kosningarétt í fyrsta skipti.“

» Meðal helstu áhugamála Harris er póker en hún þykir slyngur spilari.

ALVÖRU SUMARÚTSALA

10-50% afsláttur

Kaliber ferðagasgrill
21.735
Áður ~~28.980~~ kr.

Kaliber PREMIUM GRILL

2 brennarar (5kW)
Grillflötur 53x37cm
Grillgrind úr pottstáli
Þrýstijafnari fylgir

25% afsláttur

Sláttuorf Mow FBC310
21.739
Áður ~~28.985~~ kr.



Sláttuorf:
1cylinder
loftkældur
mótor. 0,7 kW
Rúmtak 31CC,
Stærð bensíntanks 0,65 L

25% afsláttur

20% afsláttur

Drive Pro Ryk- & vatnssuga
20L, 1400W mótor
Sogkraftur 17 KPa
10.792
Áður ~~13.490~~ kr.

Bíla & gluggaþvottakústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun
2.097
Áður ~~2.995~~ kr.

30% afsláttur

Joker 1400W
Ryk-/blautsuga
9.995
Áður ~~12.995~~ kr.

23% afsláttur

Ceravid Handlaugarsett 45cm
með blöndunartæki
14.995
Áður ~~18.890~~ kr.

20% afsláttur

25% afsláttur

BoZZ sturtusett
með hitastýrðum
blöndunartækjum
18.668
Áður ~~24.890~~ kr.

25% afsláttur

3-6 lítra hnappur

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur og hæglokandi seta.
Þýsk gæðavara
34.872
Áður ~~43.590~~ kr.

20% afsláttur

Riga salerni með setu,
gólf- eða veggstútur
19.916
Áður ~~24.895~~ kr.

20% afsláttur

30% afsláttur

GUOREN

Guoren Sturtusett
með hitastýrðum
blöndunartækjum
28.425
Áður ~~37.900~~ kr.

15% afsláttur

Ceravid vegghengd handlaug
5.857 Áður ~~6.890~~ kr.

Guoren-BO Hitastýrt
sturtutæki með niðurstút
9.793
Áður ~~13.990~~ kr.

Creative Super Seal 5 litrar
10.192
Áður ~~11.990~~ kr.

MIKIÐ ÚRVAL AF PARKETI OG FLÍSUM MEÐ 20-50% AFSLÆTTI

Flísar
Gólf- og veggflísar verð frá 954 kr./m²

Harðparket
8mm verð frá 1.183 kr/m² (AC4)
12mm verð frá 1.868 kr/m² (AC5)

25% afsláttur

Colorex Sköld þakmálning 9L Stofn A
9.746
Áður ~~12.995~~ kr.

30% afsláttur

Gólfmálning - Grágrænn 3 L
3.777
Áður ~~5.395~~ kr.



Steypugljái á stéttina – þessi sem endist

25 litrar **24.638**
Áður ~~28.985~~

15% afsláttur

40% afsláttur

20% afsláttur

Colorex Projekt 10, 10 lítrar (Málarahvítt)
6.717
Áður ~~8.395~~ kr.

25% afsláttur

Ladora premium tréolía 3L
2.246
Áður ~~2.995~~ kr.

25% afsláttur

Colorex Betopaint útimálning Stofn A 9L
7.496
Áður ~~9.995~~ kr.

Wineo vínyl parketi m/áföstu undirlagi
2.994 kr./m²
Áður ~~4.990~~ kr.

Ódýrasta vínilparket með undirlagi á Íslandi!

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	Selhellu 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
	Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is	

Fyrirvari um prentvillur.
Tilboðin gilda í öllum verslunum Múrbúðarinnar. Takmarkað magn af sumum vörum.

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

ÁSTAND HEIMSINS

Mótmælendur köstuðu steinum nærri þinghúsinu í Beirút vegna sprengingarinnar þar sem 171 lést. Mikil reiði er í garð yfirvalda og lögregla hefur mætt mótmælunum af hörku. MYND/EPA

Lögregla í Minsk í Hvíta-Rússlandi handtók mann sem hugðist setja blóm þar sem mótmælandi lést. Alexander Lukashenko var endurkjörinn forseti með 80 prósentum atkvæða, en stjórnarandstaðan telur brögð í tafli. MYND/EPA

Indverjar héldu trúarhátíðina Sri Krishna Janmashtami. Helgast hátíðin af bænahaldi, leikritum um ævi guðsins Krishna og föstu. Indverskt barn klætt sem guðinn Krishna var viðstatt bænahald í Nýju-Delhi. MYND/EPA

Hitamet var sett í Japan í gær er 40,5 gráðu hiti mældist í Kiryu. Náði hitinn í 39 gráður í úthverfi Tókýó. Mikið er um að vera í vatnsleikjagörðum. Voru þessi ungmenni ánægð að baða sig í froðu í Toshimaen-garðinum. MYND/EPA

Jimmy Lai, eigandi Apple Daily News, var sleppt úr haldi í Hong Kong í gær. Lai var handtekinn á grundvelli umdeildra laga um þjóðaröryggi. Blaðið styður lýðræðisumbætur og hefur mál Lais vakið mikla athygli. MYND/EPA

bauhaus.is

BAUHAUS®

Heill heimur af rafmagnsverkfærum

Alltaf með besta úrvalið
Alltaf með sérfræðiráðgjöf
Alltaf með bestu verðin - með verðjöfnun

ÁBYRGÐ 5 ÁRA BAUHAUS

Eitt mesta úrval landsins og lengsti opnunartíminn!

39.995.- ~~52.495.-~~

Stanley borvél
Stærð: 230 x 220 x 75 mm (L x H x D). 18V. 2.0 Ah rafhlaða. Hleðslutími: 60 min. Hljóðstyrkur: 99.1 dB(A). Hraði: 0-400/0-1600 rpm. Hám. snú.: 51.4 Nm. Hám. borgeta: (í við): 38 mm, (í járn): 13 mm og (í steypu): 13 mm. Högg/mín: 6800/27200.. Þyngd: 1.8 kg. Taska, beltiskrókur, 2x 4.0 Ah rafhlaða, hleðslutæki og 2 bitar með seglum á fylgja með.

ÖLL HELSTU MERKIN Á EINUM STAÐ!

24.995.-

Hjólsög
KS 55 FS. Þessi kraftmikla hjólsög er með titringsdempara og skriðvarnargúmmí á handfanginu. 1.200 W, 5.600 snún./mín. Þv. sagarblaðs 160 x 20 mm.

66.495.-

Búta-/geirungssög
DWS 774.1.400 W. 4.500 snún./mín. Hám. Skurðardýpt (sög): Þv. sagarblaðs: 216 mm. Þv. gats: 30 mm. Horngeta v/sögun: 48°. Þyngd: 12 kg.

Kjarakaup

29.995.- ~~39.995.-~~

RYOBI

One+ Bor-/skrúfvel
R18DDBL-225B borpatrónu. Með 2 stk. Lithium rafhlöðum 2,5 Ah og hleðslutæki

51.495.-

Höggbor-/skrúfvél
DHP453RYJX1. Með 2 gírum. 0-1.300 snún./mín. 0-19.500 högg/mín. MAKPAC taska með 2 stk. 18V 1,5 Ah Li-Ion rafhlöður, hraðhleðsla, Makita klukka og 2 fylgihlutaset

29.995.- ~~34.495.-~~

Makita bor-/skrúfvél
DDF453RYJ. Stærð: 220 x 79 x 224 mm 8L x B x H). 18 V. 1,5 Ah rafhlaða. Hleðslutími: 15 mín. 1 x hleðslutæki DC18RC, 2 x þráðlaus BL1815N 18 V 1,5 AH li-ion og 1 x MAKPAC system str. 2 fylgir með.

29.995.- ~~37.495.-~~

BOSCH

Bosch borvél PSR
PSR 1800 LI-2. 18 V. 2x1,5 Ah Li-ion (lithium-ion rafhlaða). Hleðslutími: 60 mín. Þyngd: 1.2 kg.

Verð gildir til og með mánudeginum 31. ágúst.

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

Óvissa um viðskiptafarþega í vetur

Hagfræðingur segir að víða séu áhyggjur af samdrætti í viðskiptaferðum. Slæmar horfur í heimshagkerfinu benda til krefjandi aðstæðna á flugmarkaði. Icelandair Group landaði góðum samningi við Boeing að mati fyrrverandi forstjóra flugfélagsins.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is

Fyrirhugað hlutafjárútboð Icelandair er litað af óvissu um þróun flugmarkaðarins á næstu misserum. Kristrún Frostadóttir, aðalhagfræðingur Kviku banka, segir að erlendis hafi verið umræða um viðskiptaferðalög í vetur, það er hvort ferðir á vegum fyrirtækja, til dæmis vegna fundarhalda, leggist niður.

„Þetta getur haft töluverða þýðingu fyrir flugfélög vegna þess að viðskiptafarþegar skila félögunum meiri framlegð en aðrir farþegar. Ég hef ekki séð niðurbrot fyrir Icelandair en almennt hafa alþjóðlegir greinendur metið að viðskiptafarþegar séu 10 prósent af fjölda farþega en standi undir 40 prósentum af tekjum," segir Kristrún.

Í þessu samhengi bendir hún á að samkvæmt Reykjavíkurborg var hlutfall ráðstefnugesta í fyrra 7,5 prósent allra ferðamanna eða um 150 þúsund manns. Stefnan hafi verið að hækka þetta hlutfall einmitt vegna þess að ráðstefnugestir og viðskiptafarþegar almennt eyða mun meira en meðalferðamenn.

„Þessir gestir koma líka síður á háannatíma. Rafrænt ráðstefnuhald og nær algjört stopp í viðskiptaferðum vegna COVID setur því talsvert strik í reikninginn hvað þennan ferðamannastraum varðar," segir Kristrún. Nýlegar greiningar bendi til þess að það geti orðið verulegur samdráttur í þessum hluta starfsemi flugfélaga.

„Greinendur hafa gengið svo langt að halda því fram að markaðurinn fyrir viðskiptafarþega verði aldrei samur og að 10-15 prósent af markaðnum tapist fyrir fullt og allt út af breyttum venjum."

Icelandair Group hefur undirritað samninga við alla kröfuhafa og náð endanlegu samkomulagi við bandaríska flugvélaframleiðandann Boeing. Samkomulagið felur í sér að Icelandair mun taka við samtals 12 Boeing Max-vélum en ekki 16 eins og upphaflega pöntunin frá 2016 gerði ráð fyrir. Þar með á Icelandair eftir að fá afhentar 6 vélar og verða þær afhentar á öðrum fjórðungi 2021 og fyrsta fjórðungi 2022.

Auk þess felur samkomulagið í sér bætur frá Boeing, umfram það sem áður hafði verið samið um, vegna tjónsins sem hlaust vegna kyrrsetningar Max-vélanna. Bæturnar ná yfir „verulegan hluta" af tjóninu að sögn Icelandair en félagið hafði áður metið tjónið á 135 milljónir dala, jafnvirði 18,5 milljarða króna.

„Staða viðskiptavina Boeing er nokkuð sterk, enda vill Boeing frekar semja við þá, og viðhalda þannig góðum viðskiptasamböndum, heldur en að standa í málarekstri," segir Jón Karl Ólafsson, stjórnarformaður TravelCo og fyrrverandi forstjóri Icelandair Group. Spurður hvort hann telji að Icelandair hafi samið vel svarar Jón Karl að honum sýnist svo vera.

„Auðvitað liggja smáatriði samningsins ekki fyrir en ég bjóst alltaf frekar við því að Icelandair myndi ná góðum samningum við Boeing frekar en hitt. Maður treystir fólkinu sem vinnur að því að meta það. Ég geri ráð fyrir að niðurstaðan hafi verið hagstæð. Þeir semja um fækkun á flugvélum, fá bætur fyrir tjónið og lækka greiðslubyrðina."

Samningar við kröfuhafa taka mið af því að laga afborganir að væntu sjóðsstreymi frá rekstri. Eru þeir háðir því að félagið nái markmiðum sínum um öflun nýs hlutafjár og geri samning um lánalínu með ríkisábyrgð. Eru viðræður við stjórnvöld um útfærslu á slíkri lánalínu, í samvinnu við Íslandsbanka og Landsbankann, langt á veg komnar.

„Stjórnendur Icelandair hafa sjálfir sagt að óháð greiðslum til lánardrottna verði róðurinn mjög þungur. Það er mikill kostnaður sem felst í því að halda rekstrinum gangandi, sérstaklega á meðan leiðakerfið er enn háð mikilli óvissu. Þó samningar hafi náðst við helstu lánardrottna verður greiðslubyrði af eldri skuldbindingum örugglega einhver áfram," segir Jón Karl.

„Að því leyti er aðkoma fjárfesta og væntanlega ríkisins óumflýjanleg, eins og hefur gerst í öðrum ríkjum."

Icelandair Group hyggst sækja sér allt að 30 milljarða króna í hlutafjárútboðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Greinendur hafa gengið svo langt að halda því fram að markaðurinn fyrir viðskiptafarþega verði aldrei samur.**

Kristrún Frostadóttir, aðalhagfræðingur Kviku banka

Hagsveiflan besta forspárgildið

Spurð um horfur á flugmarkaði segir Kristrún hjá Kviku banka að besta forspárgildið fyrir flugeftirspurn og ferðalög sé hagsveiflan. Vissulega hafi verið langtímaleitni í átt að auknum ferðalögum en til skemmri tíma litið hafi hagsveiflan mikil áhrif. Hún segir að ferðalög teljst ekki til nauðsynlegra útgjalda og sé því einn af þeim liðum sem líða fyrir skertar tekjur fólks í niðursveiflu.

„Þetta ástand hefur varað lengur en margir bjuggust upphaflega við og ef heimshagkerfið nær ekki að taka við sér í tæka tíð verða eftirköstin mikil. Hættan er sú að þó að bóluefni komist í framleiðslu fljótlega og við náum utan um veiruna þá sitji mörg fyrirtæki eftir með sárt ennið eftir margra mánaða tekjutap sem skapar gat á efnahagsreikningi þeirra," segir Kristrún.

Slík þróun geti haft töluverð áhrif á vinnumarkaði og eftirspurn í lengri tíma en sjálf kórónaveiran.

„Það sem átti að vera skammtímaáfall er því smám saman að þróast yfir í lengri tíma vandamál sem gæti haft veruleg áhrif á eftirspurn í heimshagkerfinu til lengri tíma litið. Hvernig íslensk ferðaþjónusta nær að grípa þann hluta markaðarins sem tekur síðar við sér, er svo önnur spurning enda hlutfall hennar í ferðamennsku á heimsvísu lágt," segir Kristrún.

Í LANDSRÉTTINUM (THE HIGH COURT OF JUSTICE) **CR-2018-009677**
FYRIRTÆKJA- OG EIGNADÓMSTÓLUM Í ENGLANDI OG WALES (COURTS OF ENGLAND AND WALES)
FYRIRTÆKJADÓMSTÓLL (ChD)

MÁL SEM VARÐA
TILTEKNA MEÐLIMI LLOYD'S FYRIR EINSTÖK EÐA ÖLL REIKNINGSÁR 1993 TIL 2020 (UPPHAFS- OG LOKAÁR MEÐTALIN), EN FULLTRÚAR ÞEIRRA ERU
LLOYD´S FÉLAGIÐ (THE SOCIETY OF LLOYD'S)
OG
LLOYD'S VÁTRYGGINGAFÉLAGIÐ (LLOYD'S INSURANCE COMPANY S.A.)
OG
MÁL SEM VARÐA
HLUTA VII Í LÖGUM 2000 UM FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU OG MARKAÐSSETNINGU (THE FINANCIAL SERVICES AND MARKETS ACT 2000)

HÉR MEÐ TILKYNNIST að þann 12. nóvember 2018 var lögð fram umsókn (samkvæmt breytingum þann 12. maí 2020) („**Umsóknin**") var gerð samkvæmt lið 107 í lögum 2000 um fjármálaþjónustu og markaðssetningu (the Financial Services and Markets Act 2000) (samkvæmt breytingum) („**Lögin**") í Landsréttinum (the High Court of Justice), fyrirtækja- og eignadómstól Englands (Business and Property Courts of England) og fyrirtækjadómstól Wales (Wales Companies Court), (ChD) í London („**Dómurinn**") með: (1) Lloyd's félagið („**Lloyd's**"), sem málsaðila fyrir hönd tiltekinna meðlima, fyrrverandi meðlima og eigna fyrrverandi meðlima Lloyd's sem hafa skrifað undir ábyrgðir varðandi skaðatryggingar (non-life insurance) upphaflega úthlutað til einstakra eða allra reikningsáranna 1993 til 2020 (upphafs- og lokaár meðtalin) („**Meðlimirnir**"); og (2) Lloyd's vátryggingafélagið (Lloyd's Insurance Company S.A) („**Lloyd's Brussels**"), fyrir aðgerð:

i. samkvæmt lið 111 í lögunum sem leyfa yfirfærslu vátryggingastarfsemi vegna flutnings til Lloyds Brussel á tiltekinni vátryggingastarfsemi undirrituðum af meðlimum og tengdum eignum og skuldbindingum („**Viðskiptayfirfærsla**") samkvæmt aðgerðinni og án nokkurra frekari aðgerða eða ráðstafana („**Áætlunin**"); og

ii. að setja viðbótarákvæði í tengslum við áætlunina samkvæmt liðum 112 og 112A í lögunum.

Nánari upplýsingar um áætlunina, þar með talið:

- afrit af skýrslunni um skilmála áætlunarinnar („**IE-skýrslan**"), sem unnin er í samræmi við 109. lið laganna af óháðum sérfræðingi, Mr Carmine Papa hjá PKF Littlejohn LLP, en skipun hans hefur verið samþykkt af Varúðarregluefirlitinu (the Prudential Regulation Authority) í samráði við Fjármálaeftirlitið (the Financial Conduct Authority);
- tæmandi skilmálar áætlunarinnar; og
- samantekt yfir IE-skýrsluna og samantekt yfir skilmála áætlunarinnar,

eru gjaldfrjálsar og hægt er að hlaða þeim niður á **www.lloyds.com/brexittransfer** eða með því að hringja í eða skrifa okkur á heimilisfangið hér að neðan.

Meðferð umsóknarinnar verður tekin til meðferðar hjá dómstólnum við 7 Rolls Building, Fetter Lane, London, EC4A 1NL, Bretland þann 18. nóvember 2020 („**Málsmeðferðin**"). Verði hún samþykkt af dómstólnum er að svo stöddu lagt til að áætlunin taki gildi þann 30. desember 2020.

Sérhver einstaklingur sem álítur að hann verði fyrir neikvæðum áhrifum vegna framkvæmdar áætlunarinnar getur kynnt mál sitt varðandi áætlunina við málsmeðferðina annað hvort í eigin persónu eða gegnum fulltrúa, eða símleiðis eða skriflega samkvæmt sambandsupplýsingunum hér að neðan.

Sérhver einstaklingur sem ætlar að vera viðstaddur málsmeðferðina eða koma máli sínu á framfæri símleiðis eða skriflega er beðinn um að tilkynna andmæli sín eins fljótt og auðið er og fyrir 11. nóvember 2020, þar sem fram kemur hvers vegna þeir telja að þeir yrðu fyrir neikvæðum áhrifum.

Sambandsupplýsingar Lloyd's:
Til að ræða við fulltrúa Lloyd's um tillögurnar eða til að andmæla, vinsamlegast hafðu samband við okkur í upplýsingasímanum: **0044 190 494 7001**
Fulltrúar Lloyd's geta svarað fyrirspurnum á ensku, hollensku, frönsku, þýsku, ítölsku og spænsku.
Hjálparsíminn verður opinn frá kl. 09:00 til 17:00 að breskum tíma frá mánudegi til föstudags (að undanskildum helgidögum) þar til áætlunin tekur gildi þann 30. desember 2020.
Einnig er hægt að hafa samband við okkur skriflega á hvaða tungumáli sem er með tölvupósti:
enquiries@lloydsbrexittransfer.com
Eða í pósti: Lloyd's Brexit Transfer, PO Box 274, BANGOR BT19 7WZ, Bretland.
Vinsamlegast hafðu samband við venjulegan markaðsfulltrúa þinn, framkvæmdafulltrúa, miðlara eða tryggingaumboðsmann varðandi fyrirspurnir sem ekki varða yfirfærsluna.
Skipaðir lögmenn Lloyd's: Freshfields Bruckhaus Deringer LLP. Tilv: 053895:0542/GHFS
Ágúst 2020

Marel sýnir aðlögunarhæfni í COVID-19

Viðbrögð vegna COVID-19 höfðu minni áhrif á rekstur Marels á öðrum ársfjórðungi en greinendur Jakobsson Capital reiknuðu með. Afkoma fyrirtækisins var því betri en greinendurnir væntu á tímabilinu.

„Sveigjanleiki í rekstri og aðlögunarhæfni fyrirtækisins að breyttri heimsmynd virðist meginorsök betri afkomu en reiknað var með," segir í nýju verðmati sem Markaðurinn hefur undir höndum.

Sala Marels á fyrri hluta ársins dróst saman um sjö prósent á milli ára, sem var í takt við væntingar Jakobsson Capital, og nam hún 607 milljónum evra. Rekstrarhagnaður og rekstrarhagnaðarhlutfall var töluvert hagstæðara en Jakobsson Capital reiknaði með. EBIT-hlutfallið var 10,7 prósent samanborið við 14,1 prósent á sama tíma fyrir ári.

„Röskun er á öllum framleiðsluferlunum í ástandi líkt og nú. Öryggisráðstafanir eru dýrar en tímabundin lokun verksmiðja eða mikið skert starfsemi er enn dýrari," segir í verðmatinu. Allar verksmiðjur Marels hafi verið opnar á öðrum ársfjórðungi, þótt þær hafi ekki allar starfað á fullum afköstum.

„Marel hefur aukið sveigjanleika í rekstri og þótt ein verksmiðja loki er hægt að sinna framleiðslu þeirrar verksmiðju annars staðar. Öflun aðfanga og afhending vara er erfiðari og kostnaðarsamari við núverandi aðstæður," segir Jakobsson Capital.

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marels. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Sveigjanleiki í rekstri og aðlögunarhæfni fyrirtækisins að breyttri heimsmynd virðist meginorsök betri afkomu en reiknað var með.**

Verðmat Jakobsson Capital

Tækifæri gætu falist í heimsfaraldrinum COVID-19 fyrir Marel, að því er fram kemur í verðmatinu, með aukinni áherslu á matvælaöryggi, þægindi og rekjanleika. Á móti vegi það að horfur séu dökkar í efnahagslífi Norður- og Suður-Ameríku.

Jakobsson verðmetur gengi Marels á 759 krónur á hlut eða um átta prósentum hærra en markaðsgengi. Verðmatið hækkaði um 2,5 prósent í evrum talið frá síðasta mati. **– hvj**

Einn mest seldi sportjeppi heims.

Honda hefur markað sér forystu í þróun á Hybrid bifreiðum og skarar fram úr í hagkvæmni með virðingu fyrir umhverfinu að leiðarljósi. Sterk, en um leið létt bygging Honda CR-V framkallar lipra og örugga aksturseiginleika. Með góðri hæð undir lægsta punkt og háþróuðu fjöðrunarkerfinu verður aksturinn einstaklega þægilegur.

Komdu í heimsókn. Við hlökkum til að sjá þig.

Honda CR-V Hybrid kostar frá

6.990.000 kr.

Sjálfskiptur, 184 hestöfl,
meðaleyðsla 5,3 l/100km*WLTP

ASKJA · Krókhálsi 11 - 13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Honda á Íslandi.

Fylgdu okkur á Fagebook.
facebook.com/hondaisland

Umhverfi Brennisteinsöldu er ekki síður fagurt en fjallið sjálft. MYND/ÓMB

Hinsegin fjall

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Eitt helsta einkenni íslenskra fjalla er hversu fjölbreytt þau eru og á það bæði við um lögun þeirra og liti. Sum eru frábrugðnari en önnur og litirnir stinga skemmtilega í stúf við umhverfið. Þessi fjöll eru mikil prýði og auka á fjölbreytileikann í náttúrunni – sem er jákvætt líkt og í samfélagi okkar þar sem einstaklingar eru ekki allir eins. „Hinsegin fjöll“ eru oftar en ekki gerð úr líparíti (rhyolíti) en það er súrt gosberg sem getur skartað ýmsum litum eins og grænum og rauðum þótt ljósbrúnn sé algengastur. Liturinn ræðst af ýmsu, meðal annars efnasamsetningu gosefna, hitastigi og hraða kólnunar.

Líparítfjöll má finna víða um land en flest þeirra eru á Víknaslóðum, í Kerlingarfjöllum, Lónsöræfum og sérstaklega á Torfajökulssvæðinu. Þar er einmitt eitt litríkasta og fallegasta fjall landsins, Brennisteinsalda (881 m), skammt frá Landmannalaugum og einn helsti konfektmolinn við Laugaveginn. Hún skartar öllum regnbogans litum og litapallettan er breytileg eftir birtuskilyrðum. Litskrúðugar hlíðarnar mynda skemmtilega andstæðu við Laugahraunið sem umlykur hluta fjallsins, biksvart hraun sem víða er mosavaxið. Árið 1480 rann Laugahraun úr gígum í jaðri Öldunnar en í því má víða finna glerkennt ókristallað líparít sem kallast hrafntinna og er oft notað í skartgripi. Í hlíðum Brennisteinsöldu er svartur drangur sem líkist steingerðum þurs og litríkt hverasvæði með gufuhverum sem sýna kraftinn í iðrum jarðar með tilheyrandi brennisteinslykt.

Það er auðvelt að ganga á Brennisteinsöldu, enda hækkunin aðeins um 200 metrar. Ferðin hefst við skála Ferðafélags Íslands í Landmannalaugum og tekur tæpa klukkustund að ganga að fjallinu og er þá fylgt fyrsta hluta Laugavegarins. Sunnanvert á fjallinu er hryggur sem er auðveldasta leiðin á tindinn, en þar býðst frábært útsýni yfir undraveröld Landmannalauga og nágrennis en einnig sést vel inn á hálendið í norðri. Hæsta fjallið í nágrenninu, Bláhnjúkur (945 m), er skammt undan og tilvalið fyrir fyrir sprækt göngufólk að ganga einnig á þann tind í sömu ferð. Er þá fylgt merktri gönguleið þvert yfir Laugahraun að Grænagili en þaðan liggur göngustígur „bakdyramegin“ upp á Bláhnjúk. Í lok göngudags bíða síðan heitar Landmannalaugar.

Fókus á hjarta landsins

Brennisteinsalda í öllum regnbogans litum er eitt fallegasta fjalli landsins. MYND/KRISTÍN BÁRA BRYNDÍSARDÓTTIR

Drangurinn í hlíðum Brennisteinsöldu minnir óneitanlega á þurs sem dagað hefur uppi. MYND/ÓMB

SKIPTIBÓKA

BÓNUS!
+400 kr.

Penninn Eymundsson

Smáralind, Kringlan, Austurstræti,Hafnarfjörður, Keflavík, Akranes, Akureyri, Ísafjörður, Húsavík, Vestmannaeyjar.

KT:560109-0670 VSK:100269

VÖRUSKIL

Lýsing		Upphæð
SKIPTIBÓKABÓNUS		
+ 400 kr. fyrir hverja bók		
Stærðfræði	1 stk.	2.320
Skiptibókabónus		400
Líffræði	1 stk.	2.400
Skiptibókabónus		400
Samtals kr.		4.720(+800)
Inneignarnóta -		5.520

Fyrir hverja bók sem þú skilar
færðu auka 400 kr. inneign.
Þökkum viðskiptin



Fyrir hverja skiptibók sem þú skilar inn færðu 400 krónur í bónus!
Í Pennanum Eymundsson færðu BÓNUS fyrir bækurnar þínar.
Tilboðið gildir til og með 17. ágúst.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. 400 kr. bónus gildir til og með 17. ágúst. Penninn Eymundsson áskilur sér rétt á að neita móttöku skiptibóka.

Myndbandið

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Góð ímynd er gríðarlega mikilvæg í fyrirtækjarekstri og þegar hún er illa löskuð þá er skiljanlegt að gripið sé til ráða til að rétta hana við. Í slíkum aðgerðum er viturlegt að hafa yfirvegun og skynsemi með í för. Ákveðna eiginleika er þó ekki hægt að kaupa, sama hversu mikla fjármuni menn eiga. Vissulega er hægt að ráða til sín ótal ráðgjafa sem fá það verkefni að lappa upp á ímyndina og borga þeim ansi vel fyrir, en það er samt engin trygging fyrir því að vel takist til.

Forsvarsmenn Samherja hafa verið sakaðir um lögbrot og rannsókn er í gangi. Allt frá því þessar ásakanir komu fram hefur vörn Samherja í því máli verið ótrúverðug og meðal annars falist í því að benda á einstaklinga sem sagt er að mistök hafi verið að treysta. Gremja forsvarsmanna Samherja í garð RÚV hefur ekki farið framhjá landsmönnum og þar hefur Helga Seljan verið stillt upp sem helsta óvininum.

Í myndbandi sem nýlega var birt á YouTube-rás Samherja er því haldið fram að Helgi hafi falsað gögn og að skýrsla, sem Kastljóssþáttur um rannsókn Seðlabankans á Samherja byggði meðal annars á, hafi aldrei verið til. Myndbandið var blygðunarlaus árás á fréttamanninn Helga Seljan, en þar átti að afhjúpa hann sem siðleysingja og lygara.

Einhver af fjölmörgum ráðgjöfum Samherja hefði átt að vara við leið sem var fyrirfram dæmd til að mistakast. Aðgerðin „Skjótum sendiboðann“ er alþekkt en flestir sjá í gegnum hana. Velta má fyrir sér hvað hafi orðið til þess að þessi leið var valin. Hún ber vott um sambland af taugaveiklun, hroka og veruleikafirringu. Samherji mátti ekki við frekari skaða á ímynd sinni. Ímyndin var reyndar orðin svo stórsködduð að það var erfitt að ímynda sér að hún gæti orðið verri. Samt er hún orðin það.

Myndband Samherja er svo ósvífið að það minnir helst á árásir erlendra einræðisstjórna á fjölmiðla í eigin landi. Hópur fólks hlýtur að hafa tekið ákvörðun um gerð þessa myndbands í þeirri trú að það væri sterkt innlegg í varnarbaráttu fyrirtækisins. Það lýsir óhuggulegum hugsunarhætti.

Þegar forsvarsmenn fyrirtækis eru bornir þungum sökum þá er eðlilegt að þeir bregðist við. Annað væri undarlegt. Viðbrögð Samherjamanna hafa hins vegar verið vond. Þeir hafa fengið ótal tækifæri til að skýra mál sitt en reiðin og heiftin glepur þeim sýn. Í stöðu, sem er vissulega mjög þröng, en býður samt upp á ýmsa möguleika, hafa þeir valið verstu leiðina: Árásir á fjölmiðla og blaðamenn.

„Samherji“ er fallegt orð. Því miður hefur fegurð þess stórlega fallið í hugum margra Íslendinga af því þeir setja orðið í samhengi við fyrirtæki sem þeir hafa ekki lengur trú á og tengja við spillingu. Enginn ímyndarsérfræðingur er líklegur til að geta breytt því, hversu öflugur sem hann annars er.

„Samherji“ er fallegt orð. Því miður hefur fegurð þess stórlega fallið í hugum margra Íslendinga af því þeir setja orðið í samhengi við fyrirtæki sem þeir hafa ekki lengur trú á og tengja við spillingu.

Halldór

Frá degi til dags

Risastór blokkflauta

Dularfullt lágtíðnihljóð á það til að hrella Akureyringa sem geta margir hverjir ekki sofið vegna þess. Verst mun það vera í logni. Margar kenningar eru á lofti um hvað það getur verið, allt frá afturgöngum yfir í vélahljóð. Sú draugalegasta er að þetta sé garnagaul í Helga Magra. Þá kann þetta að vera bilaður prentari eða viftur hjá heitfengustu mannveru norðan heiða. Þá eru uppi kenningar um að Vaðlaheiðargöng séu í raun ofur-vuvuzela-lúður. Einnig hefur komið upp sú hugmynd að mastur í skútu við höfnina sé risastór blokkflauta. Nema þetta sé einungis náttúrukarma fyrir að vera alltaf með svona gott veður. Eitt er þó víst, þetta er efni í eina heljarinnar kvikmynd.

Vegan femínistar

Hátt í fimmtán þúsund miðaldra Íslendingar vöknuðu við að vera skyndilega orðnir vegan femínistar. Munu stjórnendur hópsins Við erum öll miðaldra á Facebook hafa fengið nóg af því að inn læddist rasismi, klám og hvaðeina. Var þá niðurstaðan að leggja hópinn niður og byrja á því að flæma alla villimenn í burtu með því að birta aðeins færslur um veganisma og femínisma. Það er litlu við þetta að bæta.

arib@frettabladid.is

Réttarnýjungar Samherja

Guðmundur Andri Thorsson
þingmaður Samfylkingarinnar

Fyrirtækið Samherji er í eigu dugmikilla manna og hugkvæmra sem hafa verið röskir við að tileinka sér nýja tækni í sjávarútvegi og innleiða í starfsemi sinni með góðum árangri. Nú virðast þeir ætla að færa enn út kvíarnar, í krafti auðs og valda, og gera tilraun til að innleiða nýjungar í íslenskt réttarkerfi, sem felst í stuttu máli í því, að þegar aðili þykir hafa orðið uppvís að vafasömum viðskiptaháttum og jafnvel hugsanlegum lögbrotum, og rannsókn er hafin í kjölfar uppljóstrana í fjölmiðlum – þá tekur viðkomandi aðili rannsóknina einfaldlega í sínar hendur, ræður til verksins sérstaka lögmannsstofu, sem hann treystir; stofan kveður síðan upp sinn úrskurð, sem dómstóll væri, og álitið er svo birt með viðhöfn í fjölmiðli í eigu viðkomandi aðila, og sem hann treystir.

Samherji hefur nú birt það álit norskrar lögmannsstofu að ekkert hafi verið saknæmt eða óeðlilegt við starfsemi fyrirtækisins í Namibíu – má helst skilja að allt hafi þar verið rekið með tapi og helst megi jafna umsvifum fyrirtækisins þar í landi við þróunaraðstoð. Þetta álit er birt í Morgunblaðinu, sem virðist ígildi Lögbirtingablaðsins í huga Samherjamanna – um leið og þeir eru átaldir sem létu í ljós það álit að lög kynnu að hafa verið brotin með mútugreiðslum, og fyrirtækið hafi sölsað undir sig afnot af auðlindum Namibíumanna.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að enn hefur íslenskt réttarkerfi ekki verið einkavætt með þessum hætti. Hér á landi kaupir maður sér ekki sýknudóma. Málið er enn til rannsóknar hjá þar til bærum aðilum og keypt álit lögmannsstofu – þótt norsk sé – hefur ekki meira gildi í málinu en hvert annað verjandaplagg. Enn bíðum við fregna af raunverulegri rannsókn þar til bærra aðila á starfsemi Samherja í Namibíu. En nokkuð er biðin farin að gerast drjúg.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að enn hefur íslenskt réttarkerfi ekki verið einkavætt með þessum hætti.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

AF KÖGUNARHÓLI

Bændur og Brexit

Þorsteinn Pálsson

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtakanna, skrifar um kröfu þeirra í Bændablaðið 16. júlí, að fá viðræður við stjórnvöld um tollamál. Hann hnykkir á kröfunni með þessu orðum:

„Það þarf að gerast áður en samið verður við Breta á grundvelli Brexit um heimildir til að flytja inn aukið magn af búvörum.“

Ekki kemur á óvart að bændur óski eftir viðræðum við ríkisstjórnina. En hitt eru nokkur tíðindi að á dagskrá kunni að vera að semja við Breta um aukinn innflutning á búvörum. Landbúnaðarráðherra hefur þagað þunnu hljóði um það.

Engin markmið eða umræða

Þessi frásögn í Bændablaðinu beinir kastljósinu að því að ríkisstjórnin hefur hvorki kynnt stefnu né markmið í viðræðum við Breta.

Í skilnaðarviðræðum Breta og Evrópusambandsins hafa báðir aðilar birt stefnu og samningsmarkmið. Eins er með viðræður Breta og Bandaríkjanna. Áður en þær hófust kynntu ríkisstjórnir beggja landa stefnu og markmið.

Oft afla ríkisstjórnir sér umboðs frá þjóðþingum áður en mikilvægar viðræður við aðrar þjóðir hefjast. Í nútíma lýðræði heyrir þetta til sjálfsagðra hluta, en virðist ekki henta ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur.

Stórkostleg tækifæri

Ekkert ríki hefur stigið jafn stórt skref til baka í samningsbundnum samskiptum við Ísland eins og Bretland. Að

> En svo kann að vera að ríkisstjórnin kjósi meðvitað að tala eins og úti á þekju um ný tækifæri þegar tækifærum fækkar.

Írlandi fráskildu kemur Brexit einna verst niður á Íslandi.

Eigi að síður fullyrðir ríkisstjórnin í sífellu að Brexit skapi Íslandi stórkostleg tækifæri. Að sönnu er ekki bent á þau. Og aðrir hafa ekki komið auga á þau, nema að því er varðar makrílinn. Ríkisstjórnir allra annarra ríkja á innri markaði Evrópusambandsins viðurkenna skaðleg áhrif þessarar ákvörðunar Breta.

EFTA-ríkin hafa gert bráðabirgðasamninga við Breta, sem takmarkast við vöruviðskipti. En hvað vill Ísland til lengri tíma? Telur ríkisstjórnin að einfaldur fríverslunarsamningur sé fullnægjandi? Eða sýnist henni að setja eigi markið hærra og endurheimta fjórfrelsið í tvíhliða samningum?

Í viðræðum við Bandaríkin eru Bretar að gefa eftir varðandi reglur um meðferð matvæla. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í viðræðum við Breta um þau efni? Ætlar ríkisstjórnin að tryggja einstaklingum og fyrirtækjum sömu neytendavernd og sömu samkeppnisvernd og er á innri markaðnum?

Bretar sjá þetta sem veikleika

Þessar einföldu spurningar sýna hversu mikilvægt það er að hafa markmið í samningum sem þessum og það fari fram pólitísk umræða um þau.

Meðan ríkisstjórnin talar bara um stórkostleg tækifæri án þess að skilgreina stefnu og markmið er hætt við að viðsemjendurnir upplifi það sem rangt stöðumat og hagnýti sér það.

En svo kann að vera að ríkisstjórnin kjósi meðvitað að tala eins og úti á þekju um ný tækifæri þegar tækifærum fækkar. En hvers vegna ætti hún að vilja það? Trúlega vegna þess að stjórnarflokkarnir koma sér ekki saman um hver stefnan á að vera.

Málið er þá einfaldlega leyst með því að móta ekki stefnu og setja ekki markmið. Þetta er ástand, sem ríkisstjórnin kallar pólitískan stöðugleika. Eins líklegt er þó að viðsemjendurnir líti á þá sjálfsgreiningu sem pólitískan veikleika.

Lag til að bæta stöðuna í makrílsamningum

Ný staða kemur upp varðandi makrílsamningana um áramót þegar Bretar taka til sín samningsumboðið, sem Evrópusambandið hefur farið með.

Þótt formlegar viðræður um makríl og viðskipti séu aðskildar hlýtur ríkisstjórnin að líta á hagsmunina í heild og ræða þannig við Breta. Nú er lag til að fá viðurkenningu Breta á hlutdeild Íslands í makrílveiðunum strax um næstu áramót. Er sú krafa ekki öruggglega rædd fyrst á hverjum fundi? Hver hafa viðbrögðin verið?

Vegna upplýsinga forystumanna bænda um mögulega aukinn innflutning búvara frá Bretlandi má spyrja hvort sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafi lagt línur um forgang hagsmuna ef svo fer að á það reyni?

Má ræða spurningar af þessu tagi? Eða ógna þær pólitískum stöðugleika?

Landsmenn lesa Fréttablaðið allan ársins hring

LÍKA Á SUMRIN!

Auglýsing í Fréttablaðinu er ávallt jafn verðmæt

88%

júní júlí ágúst

88% af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18-49 ára lesa Fréttablaðið daglega allan ársins hring

*meðallestur þeirra sem lesa bara Fréttablaðið og þeirra sem lesa Fréttablaðið og Morgunblaðið. Heimild: Prentmælingar Gallup apr. - júní og júlí - sept. 2019.

FRÉTTABLAÐIÐ – mest lesna dagblað landsins, líka á sumrin

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

HÚSA
DA

Allt klárt

33.995 kr
~~48.595 kr~~
Bensínsláttuvél Razor 4610
139 cc, 2,3 kW, sláttubreidd 46 cm, 65 ltr. safnari
6 hæðarstillingar. **5085301**

7.516 kr
~~9.395 kr~~
LADY vegg 10
Hágæða innanhúss veggmálning í gljástigi 10%.
2,7 ltr. 7122220

Tilboð
3 stk. að eigin vali
1.299 kr
~~1.797 kr~~

169.900 kr
Enox V7 rafmagnsvespa
Nett og nútímaleg. Umhverfisvænt farartæki.
Hámarkshraði 25 km/klst. og drægni á rafhlöðu
er allt að 80 km. **3903101**

ALSAPAN furniture, Flooring, Worktops
2.810 kr/m²
~~3.750 kr/m²~~
Harðparket 12 mm
Sardina, eik, 12 mm, 4V, Ac-619-522527. **147400**

LAUFEN +
11.490 kr/m²
~~14.845 kr~~
Veggskál án setu
Laufen Pro-N, seta seld sér. **7920010**

35.995 kr
~~49.995 kr~~
Verkfæraskápur NEO 84-221
NEO, skápur á hjólum hjól með bremsum, 6 skúffur,
hæð: 103, breidd: 68, dýpt: 46 cm, burðargeta 280 kg.
5024494

PAMESA ceramica
1.330 kr/m²
~~2.016 kr/m²~~
Flísar vegg og gólf
Dream Marengo, 45x45 cm. **8611208**

7.796 kr
~~10.395 kr~~
Jotun vegg- og loftamálning
Hentar bæði á loft og veggi.
Auðveld í notkun, þekur vel.
7119781, 7119784

blómaval
1.339 kr
~~2.679 kr~~
Jukka í 12 cm potti
12 cm pottur.
11328354

69.990 kr
~~78.990 kr~~
Þvottavél 1400 sn. EW2F304R6.
Magn af þvotti mest 8 kg, 1400 snúninga,
A+++ orkuflokkur. **1805698**

HiKOKI HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS
19.995 kr
~~32.495 kr~~
Borvél 12V (2x2.5Ah)
2 stk., 2.5Ah rafhlöður, hersla 38Nm, sn./mín.,
0-350/1400, 10 mm patróna, 2ja gíra, þyngd 1.1 kg,
kemur í HSC tösku. **5247032**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

SMIÐJU DAGAR

fyrir haustið

25%

damixa™

26.190 kr

~~34.990 kr~~

Handlaugartæki

Damixa Silhouet, small og medium, svart.

8000056-8000057

Fram-
kvæmdalán

Sjá á husa.is

20%

Nilfisk

16.795 kr

~~20.995 kr~~

Háþrýstidæla C 110.7-5 X-TRA

110 bör, 1.4 kW, 440 ltr./klst., 5 m slanga. Click & Clean kerfi. **5254203**

31%

FERRO

9.990 kr

~~14.685 kr~~

Eldhústæki

Ferro Zumba, svart. **7810100**

Ferro Zumba, rautt. **7810105**

Fæst í rauðu eða svörtu

Skoðaðu 56 blaðsíðna tilboðsblað á husa.is

Parket -25% • Sláttuvélar -30% • LADY málning -20% • Háþrýstidælur (Nilfisk) **-20%**
Slönguhjól (Claber) **-20% • Viðarvörn** (Jotun) **-20% • Pallaolía -20% • Pallahreinsir -20%**
Útimálning -20% • Allt í berjatínsluna -20% • Vegg & loftamálning (Jotun) **-25% • Flísar -25%**
Handlaugar (Laufen) **-20% • Bað- og eldhúsplötur** (Berry Alloc) **-20% • Hillurekkar** (Avasvo) **-20%**
Rafmagnshlaupahjól -20% • Blöndunartæki (Grohe) **-20% • Salerni** (Laufen) **-20%**
Vinyl parket -25% • Ryksugur (Nilfisk) **-20% • LADY lakk -20% • Reiðhjól -25%**
Garðhúsgögn -30% • Ferðavörur -30% • Sumarleikföng -30%

...skoðaðu enn fleiri tilboð í vefblaðinu á husa.is

Dökk ský yfir stórstjörnu Slóvena

Josip Ilicic, leikmaður Atalanta, var ekki með í gær í Meistaradeildinni gegn PSG. Hans var sárt saknað en leikmaðurinn átti magnað tímabil. Félagið hefur sent hann heim til Slóveníu, því leikmaðurinn glímir við þunglyndi - sem blöðin á Ítalíu hafa gert sér mat úr.

Ilicic varð elsti leikmaður í sögu Meistaradeildar Evrópu til að skora fjögur mörk í einum og sama leik. Það gerði hann gegn Valencia í mars. MYND/GETTY

FÓTBOLTI Af öllum stórstjörnunum sem hægt var að tala um fyrir og eftir leik PSG og Atalanta var áberandi fjarvera Slóvenans Josip Ilicic, eitthvað sem margir ræddu um og veltu fyrir sér.

Ilicic hefur ekki spilað síðan Atalanta mætti Juventus um miðjan júlí og fjarvera hans var fyrst útskýrð með meiðslum. En Ilicic er stórstjarna, bæði í heimalandinu og á Ítalíu, eftir frábært tímabil þar sem hann skoraði 21 mark í 34 leikjum. Slúðurblöðin í báðum löndum fóru að slá upp fréttum um að fjarvera hans væri andleg vanheilsa vegna framhjáhalds konunnar hans.

Eftir að hafa verið í einangrun vegna COVID-faraldursins sem fór illa með íbúa Bergamo, sem Atalanta er frá, fékk leikmaðurinn leyfi til að heimsækja heimalandið og koma konunni sinni á óvart. Þar á að hafa blasað við honum sú sýn sem flesta langar nákvæmlega ekkert að sjá. Konan hans með öðrum manni.

Eftir atvikið helltist yfir hann þunglyndi, sem hann þekkir vel, og mætti hann aftur á æfingar hjá Atalanta, samkvæmt Corriere dello Sport, fimm kílóum léttari og virkaði orkulaus. Hann hafi vissulega mætt á æfingar en samkvæmt blaðinu var eins og hann væri ekki á staðnum.

Síðan þá hefur andlegri heilsu hans hrakað og leyfði félagið honum að snúa aftur til heimalandsins til að ná heilsu. Fjölmargir hafa sent honum batakveðjur og í miðri viku setti hann story á Instagram þar sem hann birti myndir af sér og frúnni og neitaði fréttunum um framhjáhaldið.

Í gær bárust fréttir um að Ilicic væri að íhuga að leggja skóna á hilluna, aðeins 32 ára og nýbúinn að eiga sitt besta tímabil. Ástæðan væri þunglyndi.

Ilicic er fæddur 1988 í þáverandi Júgóslavíu. Þegar stríðið braust út var faðir hans myrtur, þegar Josip var aðeins eins árs. Fjölskyldan flúði til Slóveníu þar sem hann ólst upp. Eftir að hafa gengið upp metorðastigann í heimalandinu var hann keyptur til Interblock í efstu deild. Þegar liðið féll var hann álitinn einn efnilegasti leikmaður landsins og endaði sem markahæsti leikmaður liðsins. En hann spilaði ekki síðustu leikina og íhugaði að hætta, samkvæmt ítölskum miðlum. Zlatko Zahovic, sem var yfirmaður fótboltamála hjá Maribor sannfærði hann þó um að koma til liðsins. Þar stoppaði hann stutt. Skoraði eins og vindurinn, meðal annars í Evrópukeppninni gegn Palermo, sem stökk til og keypti piltinn.

> **Þegar ég var veikur hugsaði ég mikið til Astori og að þetta gæti komið fyrir mig. Að sjá ekki fjölskylduna mína aftur. Ég var hræddur við að loka augunum.**
>
> Josip Ilicic

Eftir fína frammistöðu var hann seldur til Fiorentina þar sem hann varð náinn fyrirliðanum, Davide Astori. Þegar sá lést skyndilega tók við mikil sorg hjá Ilicic sem eðlilega tók atvikið mjög nærri sér. „Ég þjáðist í marga daga og svaf sama sem ekki neitt," sagði Ilicic í viðtali við Corriere dello Sport.

Skömmu eftir dauða vinar síns fékk hann slæma bakteríusýkingu og þurfti að leggjast inn á sjúkrahús. Þar þorði hann ekki að fara að sofa, því hann var hræddur um að vakna ekki aftur. „Þegar ég var veikur hugsaði ég mikið til Astori og að þetta gæti komið fyrir mig. Að sjá ekki fjölskylduna mína aftur. Ég var hræddur við að loka augunum," sagði hann í viðtalinu.

Hann hætti að horfa á fótbolta og einbeitti sér að heilsunni og fjölskyldu sinni. „Á einum tímapunkti vonaðist ég bara eftir að ná heilsu. Mér var alveg sama um fótboltann," sagði kappinn. Hann náði heilsu og átti stórkostlegt tímabil þar sem öskubuskuævintýri Atalanta gladdi heiminn og kannski sérstaklega íbúa Bergamo, en borgin fór skelfilega út úr COVID-faraldrinum. Því miður lítur út fyrir að ævintýrið sé á enda hjá Ilicic.

Í könnun sem FIFPRO, alþjóðlegu leikmannasamtökin, létu gera í apríl kom fram að þunglyndi hefði lagst á marga fótboltamenn og -konur. Alls tóku 1602 leikmenn frá 16 löndum þátt í könnuninni og 22 prósent í kvennadeildunum sögðust hafa upplifað þunglyndi síðan COVID-ástandið kom upp og 13 prósent karla.

Í svipaðri könnun sem gerð var í desember voru tölurnar 11 prósent hjá konunum en sex prósent hjá körlunum. Í lokaverkefni Margrétar Láru Viðarsdóttur í íþróttafræði við Háskólann í Reykjavík árið 2015 kom fram að niðurstöður rannsóknar hennar gæfi vísbendingar um að þunglyndi og kvíði meðal íslenskra atvinnumanna í boltaíþróttum geti verið allt að helmingi algengara en hjá öðrum.

benediktboas@frettabladid.is

Fólk

FIMMTUDAGUR 13. ÁGÚST 2020

Tíska

Díana prinsessa vann mikið að mannúðarmálum og góðgerðastarfsemi og passaði alltaf upp á að vera klædd í bjarta og fallega liti fyrir þau tilefni þegar hún hitti börn. →6

Skaði Þórðardóttir er hér í stúdíóinu sínu þar sem hún vinnur jöfnum höndum að tónlistarsköpun og myndlist, klippir tónlistarmyndbönd og skapar sinn eigin sviðsfatnað. Tímabilið 2014-17 var strembið í lífi Skaða enda kom hún út úr skápnum sem trans og stóð í skilnaði á sama tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.

Tíska er innihaldsefni í gómsæta kássu

Skaði Þórðardóttir er ein af áhugaverðari tónlistarkonum sem hafa komið fram á sjónarsviðið undanfarið. Að hennar mati mynda tíska, tónlist og sjálfsmynd órjúfanlega heild sem hún nýtir óspart til sjálfstjáningar. →2

Framhald af forsíðu

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

Ég lít ekki beint á mig sem hljóðfæraleikara en hef verið í tónlist síðan upp úr 1990. Þá var ég í þungarokki og pönki. Á tímabili var ég til dæmis í hljómsveit sem hét Punk Harmony Park og við gáfum út smáskífu, sem var jafnframt það fyrsta sem ég gaf út. Ég keypti líka notaðar græjur og byrjaði að fikta í „samplörum“ og prófa mig áfram að búa til eigin hljóðheim. Ég hef alltaf verið mjög virk og tilraunakennd og fann mig knúna til að finna eigið „sánd“,“ segir Skaði.

Lífið í Hollandi

Á árunum 2009-15 voru Skaði Þórðardóttir og María Magnúsdóttir, eða Minra, par og unnu saman í tónlist. Þær gáfu út undir nöfnunum Cult and the Secret Samurai og Early Twenties en í upphafi tímabilsins var Skaði enn í skápnum. „Við bjuggum báðar í Hollandi. Ég var í námi í Konunglega listaháskólanum í gagnvirkri miðlahönnun sem er eins konar fjöltæknideild. Ég lærði ótrúlega margt í ýmsum geirum listarinnar. Lokaverkefnið mitt var teiknimynd sem var sýnd í hollenska ríkissjónvarpinu 2015, ári eftir að ég útskrifaðist. Svo hættum við María saman.“

Tímabilið 2014-2017 var strembið tímabil í lífi Skaða. „Ég var að ganga í gegnum skilnað, flutti heim 2015 og var að takast á við það að ég væri transmanneskja. Meðal annars glímdi ég við tabú og ótta við þær staðalímyndir sem fylgdu því að vera trans.“ Skaði segist hafa fundið það frá 12 ára aldri að hún væri ekki strákur.

Það var ekki fyrr en árið 2016 sem hún kom fram í fyrsta sinn undir nafninu Skaði á Dragsúgskvöldi á Gauknum. „Þetta var í upphafi sviðslistanafn en er nú orðið mitt eiginnafn. Nafnið er úr norrænni goðafræði og tengist þannig gamla nafninu mínu, en Skaði var af kyni jötna og bjó í Þrymheimi. Hún giftist guðinum Niðri og varð að gyðju. Fyrst bjuggu þau í Þrymheimi, en vegna svefnörðugleika Njarðar komust þau að samkomulagi um að búa níu nætur í Þrymheimi og níu í Nóatúni í goðheimum. Skaði er bæði jötunn og gyðja og því fannst og finnst mér nafnið eiginlega fullkomið fyrir transkonu eins og mig sjálfa.“

Skaði er heillandi og hæfileikarík listakona sem er óhrædd við að tjá innra líf með listsköpun sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það er smá bleikur bondage Sollu stirðu-fílingur í þessum hælum.

Bolurinn sem Skaði fann við tiltekt í geymslunni og endurbætti.

Ef Solla stirða myndi kaupa sér korsilett þá myndi það líklega líta einhvern veginn svona út.

Innra líf, betra líf

„Ég spila á gítar, bassa og hljómborð. Einnig teikna ég og mála og bý til mín eigin tónlistarmyndbönd. En ég er fyrst og fremst listakona og tónlist er eitt af tjáningarformum mínum. Með allri listsköpun minni kafa ég inn á við og tjái mig með tónum, tali og myndum. Listin mín er spegill á mitt innra líf. Þetta er allt mjög loðið og margþætt því það er svo margt sem tengist því að vera manneskja, persóna og performer. Ég hugsa mikið um það í sköpun minni hvaða hlutverki performansinn gegnir í lífinu. Þetta kemur inn á klæðaburð og tísku. Við klæðum okkur mismunandi eftir því hvort við erum að fara í vinnu, jarðarför eða brúðkaup. Við tjáum mismunandi tilfinningar og strúktúrinn sem okkur er gefinn í kringum athafnirnar auðveldar okkur að takast á við tilfinningarnar og hlutverkin sem við tjáum.

> Svona eins og ef Solla stirða yxi úr grasi og spryngi út sem kynvera, en héldi samt í litapallettuna og yfirlýst sakleysið.

Þó að við tökumst á við ósviknar tilfinningar göngumst við alltaf undir ákveðinn strúktúr. Við notum strúktúrinn og performansinn til þess að komast í gegnum viss tímabil í lífinu.“

Drifkraftur

Skaði segist eiga erfitt með að vera kyrr. „Það er drifkraftur í mér sem ég get ekki stöðvað. Mér var farið að leiðast að vinna tónlist í tölvunni og langaði í skítuga putta. Ég var að taka til í geymslunni heima og fann bol sem ég hafði byrjað að mála á fyrir tónlistarmyndband með Minru, en kláraði aldrei. Ég sá strax að þarna leyndust möguleikar.“ Skaði hefur vakið athygli fyrir djarfan og áhugaverðan klæðaburð þegar kemur að sviðsframkomu.

„Síðan þá hef ég verið að skapa eigin föt fyrir myndbönd og svið. Ég vil að tónleikar mínir séu gjörningur þar sem allt í kring; fötin, skórnir og allt hið sjónræna er mitt eigið sköpunarverk. Ég hef framleitt um tíu tónlistarmyndbönd og er alltaf að toppa sjálfa mig. Þótt ég sé alltaf stolt af útkomunni sé ég alltaf hvað mætti betur fara. Það er fín jafnvægislína á milli uppbyggjandi sjálfsgagnrýni og niðurrífandi gagnrýni. Ég þarf að vera óánægð með sjálfa mig, innan ákveðinna marka, til þess gera betur næst.“

Óþekkur undirtónn

Skaði vinnur að framleiðslu á nýju tónlistarmyndbandi með nýju lagi. „Ég held ég sé haldin samskynjun. Þegar ég hlusta á tónlist sé ég liti, arkitektúr og landslag. Ég hef lært að það þarf ekki allt að „meika fullkominn sens“ því stundum mega hlutirnir bara vera tilfinning.

Nýja lagið finnst mér vera hvítt, bleikt og fjólublátt, með smá svona óþekkum undirtón. Eins og ef Solla stirða yxi úr grasi og spryngi út sem kynvera, en héldi í litapallettuna og yfirlýst sakleysið. Þetta verður bleikur fílingur með korsiletti, pin up og glimmeri. Ég hlakka mikið til þess að fá að koma fram aftur og að koma þessum hluta sköpunarkraftsins upp á svið fyrir áhorfendur.“

Það þarf bara að gera

Skaði segist þrífast á viðbrögðum við list sinni. „Að berjast við að fá hlustun, spilun og athygli felst í því að vera jaðarlistamanneskja og í 90% tilfella fæ ég neikvætt svar þegar ég sæki um að koma fram. Það er mjög auðvelt að detta inn í þá ranghugmynd að listin manns sé ömurleg, og þá kemur að því að það þarf að framkvæma og velja.

Þetta er pínu eins og að fara á djammið. Þú getur mátað hverja flík í skápnum þínum hundrað sinnum en það kemur svo að því að það þarf að velja, fara út og skemmta sér. Ég á orðið tryggan aðdáendahóp og það er ekkert betra en að vita til þess að listin manns framkalli tilfinningaleg viðbrögð.“

Trúir ekki á sjálfa sig

Skaði á í erfiðu sambandi við orðið trú, og sjálfstrú. „Ég trúi ekki á neitt, hvað þá á sjálfa mig. Fólk segist öfunda mig af drifkraftinum og þorið, en allt sem ég geri hefur ekkert með trú að gera. Trú er blekking: að hver sem er geti orðið það sem hann eða hana langar til, bara ef hann eða hún trúir. Raunveruleikinn er ekki þannig. Það eina sem hægt er að gera er að framkvæma. Síðan kemur niðurstaðan í ljós. Það þarf ekki að hafa trú á sjálfa sig til þess að gera það sem mann langar til að gera.“

Loðið flæði og kassar

„Það fyrsta sem ég hugsa um þegar ég heyri orðið „tíska“ er „hverfulleiki“. Tíska er flæði eða á, hún er síbreytileg en samt alltaf þarna. Hún fer í hringi og líkist því sem var áður en er alltaf endurbætt og breytt. Tíska er að mörgu leyti sjálfstjáning og leyfi til þess að vera maður sjálfur. Hversu margir ætli hafi valið sér vini út frá klæðaburði? Þú hittir einhvern í hljómsveitarbol sem þú fílar sjálf og þar með er kominn grundvöllur fyrir vinskap.

Tíska getur líka verið þröngvandi. Sama á við um strúktúra samfélagsins. Þeir geta verið mjög heftandi. Ég eyddi til dæmis allt of löngum tíma í lífi mínu í skápnum því ég var hrædd við að koma út. Ég óttaðist steríótýpuna af því sem ég var og vildi ekki vera föst í þeim kassa. Við megum ekki gleyma því að samfélagið og tískan býður ekki bara upp á kassa heldur líka val. Það má nefnilega alltaf stíga út úr kassanum og taka með sér það sem maður vill.

Mér leið ekki vel í eigin skinni fyrr en ég kom sjálf út úr skápnum og fór að gera það sem ég vildi gera, án þess að spá í hvort það passaði inn í kynnormin eða kassana sem voru til staðar í samfélaginu. Ég þurfti aldrei að hafa trú á mér. Ég þurfti bara að leyfa mér að vera til í augnablikinu og vera á þeim stað sem ég var stödd á hverju sinni. Það þarf enginn að finna sig, þetta er allt spurning um að gera sig að þeirri manneskju sem maður er á hverri stundu fyrir sig, því sjálfið er flæði, alveg eins og tískan.

Það er svo margt í samfélaginu okkar og menningu þar sem eitthvað rennur saman við annað og mörkin verða óljós. Hvar eru til dæmis landamæri tísku og tónlistar í pönki? Pönktískan er jafnstór partur af pönkinu og tónlistin eða stælarnir. Hvenær verður svo pönkið að nýbylgju? Tíska, tónlist, sjálfstjáning. Þetta rennur allt saman í eina stóra gómsæta kássu.“

NÝJAR HAUSTVÖRUR STREYMA INN

LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

KRÓKUR
á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær

Sovéskir töfrar sigruðu heiminn

Leikkonan Mila Markovna Kunis mælir 37 ár af ævi sinni á morgun. Hún er talin ein af mestu þokkagyðjum heims enda með útlit sem vekur eftirtekt og einstakan sjarma á skjánum.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is

Mila fæddist í Chernivtsi í Úkraínu 14. ágúst 1983 og á einn eldri bróður. Þegar Mila var sjö ára ákváðu foreldrar hennar að flytja til Los Angeles svo börnin ættu sér bjartari framtíð en í gömlu Sovétríkjunum, en sú ákvörðun kostaði þau góð störf heima og háskólagráður sem ekki voru metnar vestanhafs.

Á öðrum degi nýrrar tilveru í Los Angeles hóf Mila nám við Rosewood-grunnskólann og kunni þá einungis móðurmál sitt, rússnesku. Hún segist hafa grátið daglega fyrsta skólaárið því hún skildi hvorki tungumálið, menninguna né fólkið.

Mila var níu ára þegar pabbi hennar skráði hana í leiklistartíma hjá Beverly Hills Studios. Þar hitti hún Susan Curtis sem seinna varð umboðsmaður hennar. Eftir sína fyrstu áheyrnarprufu fékk Mila hlutverk í Barbie-sjónvarpsauglýsingu en fyrsta hlutverk í sjónvarpsþætti fékk Mila í Days of our lives árið 1994. Nokkrum mánuðum síðan lék hún lítið hlutverk í Strandvörðum, þá ellefu ára.

Skrökvaði um aldur sinn

Mila varð heimsfræg í hlutverki Jackie Burkhart í sjónvarpsþáttunum vinsælu That ´70s Show, sem sýndir voru á árunum 1998 til 2006. Í aðdraganda þáttanna var þess krafist að leikarar sem sæktu áheyrnarprufur væru orðnir átján ára en Mila, sem þá var fjórtán ára, sagðist alveg að verða átján. Þótt upp hafi komist um skrökið var Mila talin sú langbesta fyrir hlutverkið og hlaut fyrir leik sinn verðlaun sem besta unga leikkonan í gamanþáttum árin 1999 og 2000. Mila léði Meg Griffin einnig rödd sína í teiknimyndaseríunum Family Guy.

Fyrsta stóra kvikmyndahlutverkinu landaði Mila árið 2008, þegar hún lék Rachel í rómantísku gamanmyndinni Forgetting Sarah Marshall. Hún hlaut svo mikið lof fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Black Swan, meðal annars Marcello Mastroianni-verðlaunin sem besta unga leikkonan og tilnefningar til Golden Globe sem besta leikkonan í aukahlutverki. Meðal annarra vinsælla mynda Milu Kunis má nefna Ted á móti Mark Wahlberg, Friends with benefits á móti Justin Timberlake, Book of Eli á móti Denzel Washington og Bad Moms.

Svona lítur Mila Kunis út í dag, geislandi fögur á Sundance-kvikmyndahátíðinni í Utah fyrr á árinu. MYNDIR/GETTY

Mila orðin 17 ára á verðlaunahátíðinni Teen Choice Awards árið 2000.

Ástir tókust með Milu og Ashton Kucher sem giftu sig sumarið 2015.

Mila var árum saman í ástarsambandi með Makaulay Culkin.

Mila með samleikurum sínum í That ´70s Show, þá nýorðin fjórtán ára.

Með grænt og brúnt auga

Sjarmi Milu Kunis er óumdeildur. Hún hefur í áraraðir vermt lista yfir fegurstu og kynþokkafyllstu konur heims, en áður en að því kom lét hún hafa þetta eftir sér: „Maður verður að byggja ferilinn á einhverju öðru en því að vera FHM Topp 100-stelpan. Útlitið lætur á sjá einn daginn og hvað stendur þá eftir?“ Seinna, þegar hvert karlatímaritið á fætur öðru setti hana á lista yfir þokkafyllstu konur heims, sagði Mila: „Það eina sem ég get sagt er að ég er upp með mér að vera talin sexí.“

Stíll Milu er kvenlegur. Hún var andlit Christian Dior vorið 2013 og sendiherra Gemfields sem framleiðir lúxusvarning úr eðalsteinum.

> Það eina sem ég get sagt er að ég er upp með mér að vera talin sexí.

Hún þjáðist af króniskri lithimnubólgu árið 2011 sem olli tímabundinni blindu en með skurðaðgerð var hægt að komast fyrir sjúkdóminn. Eftir stendur að vinstra augað er brúnt og það hægra grænt.

Leikkonan átti í áralöngu ástarsambandi við barnastjörnuna Macaulay Culkin á árunum 2002 til 2011. Hún byrjaði að hitta samleikara sinn, Aston Kucher úr That ´70s Show árið á eftir en þau gengu í hjónaband 2015 og eiga saman tvö börn.

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA
Arctic Star
Nýjar umbúðir

Arctic star sæbjúgnahylki
innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:
- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlins

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavik - S: 562-9018 / 898-5618

Skólar & námskeið

FIMMTUDAGUR 13. ÁGÚST 2020

Kynningar: Penninn Eymundsson Menntaskólinn í Kópavogi Háskólinn á Bifröst

Þórunn Inga Sigurðardóttir og Selma Rut Magnúsdóttir eru vörustjórar í Pennanum Eymundsson. Þær segja haustið einstaklega skemmtilegan tíma í búðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sumt breytist seint

Það er spennandi að hefja nýtt skólaár í Pennanum Eymundsson. Þar tekur starfsfólk á móti skólafólki af alúð innan um æðislegt skóladót sem mætir þörfum nemenda á öllum aldri. → 2

Úrval skólataska er ríkulegt í Pennanum Eymundsson sem selur vandaðar töskur frá Jeva og Backmann. Starfsfólkið veitir liðsinni við að velja réttu töskuna fyrir hvern og einn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Framhald af forsíðu →

Þegar líða fer á ágúst fara margir að huga að haustinu. Starfsfólki Pennans Eymundsson þykir þessi tími alltaf jafn skemmtilegur. Stór hópur barna bíður spenntur eftir að hefja sína fyrstu skólagöngu: aðrir hlakka til að byrja aftur í skólanum og hitta félaga, vini og kennara eftir sumarfrí," segir Selma Rut Magnúsdóttir, vörustjóri hjá Pennanum Eymundsson.

Hún segir landslagið þó hafa breyst mikið síðastliðin þrjú ár, því nú kaupi sveitarfélög og skólar öll helstu ritföng og stílabækur fyrir nemendur grunnskólanna. Í ár vinni Penninn Eymundsson með flestum sveitarfélögum landsins sem kaupa námsgögn fyrir nemendur í rúmlega 85 grunnskólum.

„Það breytir því ekki að börn sem eru að hefja skólagöngu sína eru alltaf jafn spennt að kaupa fyrstu skólatöskuna og þau koma tímanlega til okkar til að velja skólatösku sem hentar. Aðrir þurfa að endurnýja sína tösku og því höfum við lagt áherslu á að bjóða vandaðar skólatöskur í úrvali," upplýsir Selma, en þar má nefna töskur frá danska framleiðandanum Jeva og norska fyrirtækinu Beckmann.

„Þessi tvö fyrirtæki eiga það sameiginlegt að bjóða sérlega vandaðar skólatöskur og hafa þær verið okkar vinsælustu töskur um árabil," segir Selma.

Margar spennandi nýjungar

Þegar kemur að vali á skólatösku þarf að huga að nokkrum atriðum.

„Taskan þarf að vera með góðum stuðningi við bakið, ólar þurfa að vera bólstraðar og auðvelt að stilla þær að þörfum og stærð barnsins. Gott er ef taskan hefur þveról yfir bringuna. Það tryggir að taskan sitji rétt á barninu. Einnig þarf að taka mið af stærð barnsins, því of stór skólataska getur hamlað hreyfingum þess," útskýrir Selma og bætir við: „Starfsmenn okkar eru alltaf tilbúnir að aðstoða og leiðbeina við valið."

Stílabækur og pennaveski eru ómissandi í skólatöskuna fyrir veturinn.

Selma segir sífellt vinsælla að bæta við vöru sem styður við og eykur skilning barna á ýmsum þáttum.

> **Þetta er alltaf jafn skemmtilegur árstími. Það er gaman þegar loksins kemur að skólasetningu og nemendur og foreldrar þeirra heimsækja verslanir okkar.**

„Þetta eru til dæmis vörur sem aðstoða við skilning og styðja við lestur og reikning. Því eru léttlestrarbækur og ýmsar þrautabækur vinsæl viðbót við skólatöskukaupin og greinilegt að foreldrum er annt um að bæta við vöru sem bætt getur færni barna þeirra. Yngri systkini njóta líka oft góðs af og fá bækur sem hjálpa til við að læra stafina," segir Selma.

Einnig er vinsælt að bæta við ýmsu smálegu sem kryddar skólagönguna eins og nestisboxi, drykkjarbrúsa, teygjumöppu og fleiru, gjarnan með uppáhaldsteiknimyndapersónunni hverju sinni.

„En svo má segja að gulur Pluto-blýantur, UHU-límstiftin, Crayola-vaxlitirnir og bláa, klassíska stílabókin „Mennt er máttur" hafi verið vinsælustu skólavörurnar okkar í áraraðir og þær eru táknrænar fyrir skóla í hugum margra. Við reynum alltaf að passa upp á að eiga vöru sem hentar flestum og því bjóðum við upp á skólavöru sem er sérstaklega hönnuð fyrir örvhenta. Þar má nefna yddara, reglustikur, skæri og stílabækur," segir Selma.

Allir þekkja Crayola-litina sem Penninn Eymundsson hefur selt í áratugi.

„Nú hafa nokkrar nýjungar bæst við hjá Crayola, eins og vaxlitir með glimmeri, tússlitir og vaxlitir með ilmi. Þessi nýja vara er vinsæl hjá litaglöðum krökkum og á örugglega eftir að krydda fallegar teikningar í vetur."

Vinsæll skiptibókamarkaður

Skiptibókamarkaður Pennans Eymundsson trekkir alltaf að í aðdraganda nýs skólaárs.

„Framhaldsskólanemar eru duglegir að nýta sér skiptibókamarkaðinn og þar er alltaf líf og fjör þó svo að margir kjósi að kaupa sér nýjar bækur. Við leggjum áherslu á að eiga þær bækur sem eru á listum framhaldsskólanna og bjóðum upp á gott úrval árið um kring," segir Þórunn Inga Sigurðardóttir, vörustjóri.

Sitthvað nýtt er ávallt í boði fyrir nemendur framhaldsskólanna í Pennanum Eymundsson.

„Til dæmis stílabækur frá Oxford þar sem notast er við Scribzee-appið. Með þeim er hægt að skanna, geyma, skipuleggja og deila glósum með til dæmis samnemendum. Fagbækur njóta líka mikilla vinsælda og ekki má gleyma gæða Staedtler-filtpennunum sem hafa verið geysivinsælir við glósugerðina. Litaúrvalið gerir glósurnar svo miklu skemmtilegri og alls 48 litir í boði og í ár bjóðum við upp á pastelliti í áherslupennum, því ritföng eins og önnur vara fylgir tískustraumum," upplýsir Þórunn.

„Við leggjum áherslu á gott og vandað vöruúrval og hefur undirbúningurinn staðið yfir frá áramótum. Því er gaman þegar loksins kemur að skólasetningu og nemendur og foreldrar þeirra heimsækja verslanir okkar. Þetta er alltaf jafn skemmtilegur árstími."

Skoðið úrvalið fyrir skólann og staðsetningu verslana Pennans Eymundsson á penninn.is

Útgefandi: Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir | **Sölumaður auglýsinga:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | **Veffang:** frettabladid.is

SÉRSNIÐIÐ FJARNÁM ÞEGAR ÞÉR HENTAR

STAÐARNÁM STARFSTÆKIFÆRI

BÓKHALDS & SKRIFSTOFUNÁM

KERFISSTJÓRNUNARNÁM

FORRITUN DIPLÓMANÁM

GRAFÍSK HÖNNUN

DIGITAL MARKETING NÝTT

GAGNAMEISTARINN-DATA SCIENCE NÝTT

MANNAUÐSSTJÓRNUN Á MANNAMÁLI NÝTT

VERKEFNASTJÓRNUN Á MANNAMÁLI NÝTT

FLEIRI SPENNANDI NÁMSLEIÐIR Í BOÐI, SJÁ HEIMASÍÐU **ntv.is**

NÁMSKYNNING 20. ÁGÚST

NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnamiðuð og fer fram í litlum hópum í nánu samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

www.ntv.is

ntv

Kennslustofan er landið allt

Í Leiðsöguskólanum læra nemendur að fylgja ferðamönnum um Ísland. Námið tekur eitt ár en getur tekið tvö ár. Útskrifaðir leiðsögumenn fá fulla aðild að fagdeild Félags leiðsögumanna.

Góður leiðsögumaður getur gert gæfumuninn á upplifun ferðamanna á landinu okkar. Því skemmtilegri, fróðari og kraftmeiri sem leiðsögumaðurinn er, því eftirminnilegri verður heimsóknin," segir Kristín Hrönn Þráinsdóttir, fagstjóri Leiðsöguskólans, sem er skóli undir hatti Menntaskólans í Kópavogi.

Markmið leiðsögunáms er að búa nemendur undir það að fylgja ferðamönnum um landið. Í náminu er fjallað um jarðfræði Íslands, sögu og menningu, gróður, dýralíf, atvinnuvegi og íslenskt samfélag, bókmenntir og listir.

„Nemendur eru fræddir um helstu ferðamannastaði á Íslandi, ferðamannaleiðir, náttúruvernd, umhverfismál og leiðsögutækni," upplýsir Kristín Hrönn, en fyrirlesarar, kennarar og leiðbeinendur í Leiðsöguskólanum eru allir sérfróðir um einstaka málaflokka.

Kristín Hrönn Þráinsdóttir er fagstjóri Leiðsöguskólans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ferðalög hluti af náminu

Nám í Leiðsöguskólanum tekur að öllu jöfnu eitt ár en hægt er að skipta náminu á tvö ár. Á haustönn læra nemendur kjarnafög sem eru sameiginleg fyrir alla, en á vorönn velja nemendur sér kjörsvið, annað hvort Almenna leiðsögn eða Gönguleiðsögn.

„Þeir sem velja sér Almenna leiðsögn fá kennslu og þjálfun í að fara um landið með erlenda ferðamenn. Segja má að nemendur fari hringinn í kringum landið í kennslustofunni með kennurum. Æfingaferðir í rútu eru stór liður í þjálfun nemenda og fara nemendur á helstu ferðamannastaði í nágrenni höfuðborgarsvæðisins, en náminu lýkur með hringferð um landið þar sem nemendur skiptast á að leiðsegja," útskýrir Kristín Hrönn.

Þeir sem velja kjörsviðið Gönguleiðsögn fá kennslu og þjálfun í að fara með ferðamenn í lengri eða styttri gönguferðir, en einnig fá þeir þjálfun í leiðsögn í rútu.

„Nemendur í gönguleiðsögn fara í sólarhrings rötunarferð, þeir sækja líka helgarnámskeið í vetrarfjallamennsku auk æfinga í að vaða straumvötn. Nemendur fara í nokkrar gönguferðir á eigin vegum og náminu lýkur með fimm daga bakpokagönguferð um óbyggðir þar sem gist er í tjöldum," upplýsir Kristín Hrönn, en þess má geta að nemendum í Gönguleiðsögn er eindregið ráðlagt að taka skyndihjálparnámskeiðið Wilderness First Responder.

„Þeir sem hyggjast stunda nám í Gönguleiðsögn þurfa að hafa mikla reynslu af gönguferðum um óbyggðir og vera í góðu líkamlegu formi," bætir Kristín Hrönn við.

Verða að sýna gott fordæmi

Útskrifaðir leiðsögumenn frá Leiðsöguskólanum fá fulla félagsaðild að fagdeild Félags leiðsögumanna.

„Umsækjendur þurfa að vera orðnir 21 árs við upphaf námsins. Þeir skulu hafa stúdentspróf eða sambærilegt nám að baki, ásamt því að hafa mjög gott vald á einu erlendu tungumáli, auk íslensku. Þá þurfa nemendur að standast munnlegt inntökupróf á því tungumáli sem þeir hyggjast leiðsegja á," segir Kristín Hrönn.

Kennt er þrjú kvöld í viku en auk þess fara nemendur í vettvangs- og æfingaferðir.

„Námsmat byggir á skriflegum og munnlegum verkefnum og prófum og gert er ráð fyrir að nemendur mæti í allar vettvangs- og æfingaferðir," segir Kristín Hrönn.

„Í náminu eru nemendur undirbúnir fyrir hin ýmsu hlutverk leiðsögumanna, en auk þess að fræða og skemmta ferðamönnum er mikilvægt að leiðsögumaður geti brugðist við óvæntum uppákomum í ferðum. Leiðsögumaður þarf að ganga á undan með góðu fordæmi um náttúru landsins og tryggja öryggi gestanna, meðal annars með því að upplýsa þá um hugsanlegar hættur á viðkomustöðum."

Nánari upplýsingar gefur Kristín Hrönn í síma 594 4025 eða í tölvupósti: lsk@mk.is. Sjá nánar um Leiðsöguskólann á mk.is

VILTU LÆRA AÐ TEIKNA EÐA MÁLA? TAKA LJÓSMYNDIR OG MÓTA LEIR?

NÁMSKEIÐ FYRIR ALLA ALDURSHÓPA HEFJAST Í SEPTEMBER.

EININGAR Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI MÁ NÝTA VIÐ AÐRA SKÓLA.

MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Um 8-10% losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum er frá textíliðnaði.

Meðalfjöldi skipta sem hver flík er notuð á heimsvísu er 150 sinnum.

Hugsað í lausnum í Spjaraþoni

Hvernig fáum við almenning til að draga úr neyslu?
Hvernig stuðlum við að sjálfbærni í framleiðslu textíls?
Hvernig fáum við almenning til að lengja líftíma eigin textíls?
Hvernig tryggjum við betri og skilvirkari endurvinnslu svo verðmæti tapist ekki?
Hvernig aukum við þátttöku almennings í endurvinnslu á textíl?

Þetta og margt fleira spennandi verður allt skoðað á Spjaraþoninu sem haldið verður dagana 28.-29. ágúst næstkomandi hjá Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24.

Vertu með í að breyta heiminum

Spjaraþonið er fyrir alla sem eru áhugasamir, hvort sem um er að ræða sérfræðinga, nemendur, hönnuði, fjárfesta, vísindamenn, kennara, félagsfræðinga, ömmur eða fólk af hvaða aldri sem er og hvaða kyni sem er.

Spennandi fyrirlesarar úr atvinnugeiranum mæta á staðinn og fjalla um stöðu vandamálsins. Þá fáum við meðal annars sjónarhorn fatahönnuðar, álit Umhverfisstofnunar sem og brakandi ferskan fyrirlestur úr nýsköpunargeiranum. Þá eru meðal annars kynntar aðferðir við hönnunarferli og þegar kemur að því að þekkja góða hugmynd sem þróa má yfir í árangursríkar lausnir sem eru bæði raunhæfar og gagnlegar.

Spennandi áskoranir

Þátttakendur velja úr þeim fimm spennandi spurningum, sem nefndar voru í upphafi greinarinnar.

Verkefnin eru unnin í samstarfi við ráðgjafahópa og samstarfsaðila Spjaraþonsins. Teymin þróa hugmyndir, skila samantekt um þær og kynna svo fyrir dómnefnd að lokum. Veitt verða verðlaun fyrir bestu hugmyndina.

Saman gegn sóun

Spjaraþonið er haldið á vegum verkefnisins Saman gegn sóun, sem er almenn stefna umhverfis- og auðlindaráðherra um úrgangsforvarnir. Stefnan setur í forgang að draga úr myndun úrgangs og stuðla þannig að minni eftirspurn eftir náttúruauðlindum.

Í stefnunni er lögð áhersla á nægjusemi, betri nýtni og minni sóun, ásamt því að auka fræðslu til að koma í veg fyrir myndun úrgangs. Textíliðnaðurinn er til dæmis einn sá umfangsmesti í heimi og honum fylgir gríðarleg efnanotkun, ferskvatnsmengun og losun gróðurhúsalofttegunda sem hefur neikvæð áhrif á bæði umhverfi og samfélag. Þessi áhrif geta margfaldast samhliða því sem við kaupum umfram þarfir.

Síðan árið 2000 hefur framleiðsla á fötum nær tvöfaldast á sama tíma og þau enda sífellt fyrr í ruslinu. Hver Íslendingur losar sig til að mynda við um 20 kg á ári.

Markmið stefnunnar eru:

- að draga úr myndun úrgangs
- að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda
- að bæta nýtingu auðlinda, m.a. með áherslu á græna nýsköpun
- að draga úr hráefnisnotkun samhliða minni umhverfisáhrifum
- að minnka dreifingu á efnum sem eru skaðleg heilsu og umhverfi

Viðeigandi ráðstafanir verða í samræmi við sóttvarnarlög og viðburðurinn haldinn rafrænt ef þurfa þykir.

Skráning fer fram á spjarathon.is
Fyrir nánari upplýsingar hafið samband við ust@ust.is

NEMAKORT STRÆTÓ

STRÆTÓ Í SKÓLANN

4.517 KR. / MÁN. FULLT VERÐ 54.200 KR.

STRÆTÓ.IS

Kynntu þér grunninn á netinu

Sumir eru orðnir þreyttir á vinnunni og þyrstir í að breyta um starfsframa. Aðrir vilja bæta við sig þekkingu sem tengist núverandi starfi og enn aðrir leita sér að nýju og spennandi áhugamáli.

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

Námskeið eru frábær leið til þess að rækta nýja hliðar sjálfsins og kanna hvar hæfileikar manns liggja. Til er urmull af frábærum og spennandi námskeiðum í boði hjá hinum ýmsu endurmenntunarstofnunum, skólum og einkaaðilum. Og stundum þarf bara eitt lítið skref til þess að koma manni af stað til að skrá sig.

Þá kemur veraldarvefurinn til hjálpar. Internetið er stútfullt af stórsniðugu kennsluefni og leiðbeiningum um allt á milli himins og jarðar. Fólk lærir að prjóna, aðrir fara í útsaum eða læra að gera rýjateppi. Enn aðrir læra undirstöðuatriðin í myndvinnsluforriti eða kynna sér undirstöðuatriðin í nuddi og svo mætti lengi telja.

En ekki er allt kennsluefni jafn vel unnið, og það er meira en að segja það að finna efni sem bæði kennir manni það sem maður þarf að vita og langar að læra á skiljanlegan máta. Hér eru þrjú dæmi um frítt kennsluefni á netinu sem kemur manni vel af stað og kveikir heldur betur áhugann.

Það geta allir lært að stunda jóga sem vilja og það er vel hægt að kynna sér undirstöðuatriðin á stofugólfinu heima.

Fínasti myndvinnslugrunnur

Hefurðu einhvern tíma tekið ótrúlega flotta ljósmynd á myndavélina eða símann en svo kom í ljós um seinan að skugginn af fuglinum á myndinni minnir á eitthvað dónalegt? Eða að birtan gerði það að verkum að andlit fólksins á myndinni urðu appelsínugul? Eða að himinninn á landslagsmyndinni verður alveg hvítur ef þú lýsir myndina til að fjöllin líti vel út? Eða langar þig kannski bara til þess að „fótósjoppa“ vængi á labradorhvolpinn þinn?

Fjölda kennslumyndbanda er að finna á veraldarvefnum sem kenna þér að laga þessi atriði og fleiri með töfrum myndvinnsluforrita. PiXimperfect rásin á YouTube er dæmi um frítt kennsluefni fyrir þá sem vilja byrja að læra á Photoshop eða Lightroom. Unmesh Dinda, sá sem kennir, hefur afar heillandi og þægilega nærveru og kennir manni skref fyrir skref á einfaldan en skiljanlegan hátt hvernig hægt er að nýta sér töfra myndvinnsluforrita til þess að gera ljósmyndirnar enn betri.

Jógaengillinn hún Adriene

Langar þig að prófa jóga en ert smeyk/ur um að líkamsgasið losni úr læðingi í vel teygðri hundastellingu?

Það er vel hægt að gera jógaæfingar heima fyrir til þess að koma sér í smá form og auka teygjanleikann, áður en maður mætir með jógadýnuna í upphitaðan salinn með öllu þessu lipra og einkennisklædda jógafólki sem virðist kunna öll jógahugtökin upp á hundrað. Yoga with Adriene er stórskemmtileg YouTube-rás þar sem hin glettna og tilgerðarlausa Adriene kennir þér undirstöðuatriðin í jóga á bæði skemmtilegan og krefjandi máta.

DIY drottningar

Klæjar þig í puttana að breyta og bæta í íbúðinni? Langar þig til þess að gera auðveldar en áhrifamiklar breytingar á gamla útskriftarkjólnum hennar mömmu? Kanadísku vinkonurnar Kelsey og Becky kalla sig The Sorry Girls á YouTube. Þar skoða þær það sem er vinsælt hverju sinni í tískunni, á heimilinu og í húsgögnum og gera tilraunir til þess að búa til eða breyta hlutum sem þær eiga eða finna á flóamörkuðum og í ódýrari verslunum, á hagkvæman og einfaldan hátt.

SITTU ÞÉTTUR Í VETUR

-30% af öllum stólum

HEADPOINT
TILBOÐSVERÐ
57.900 KR.
Listaverð 83.400 kr.

SUPPORT
TILBOÐSVERÐ
20.400 KR.
Listaverð 31.400 kr.

ERGO MEDIC 100-2
TILBOÐSVERÐ
138.900 KR.
Listaverð 198.900 kr.

VIDEN PRO
TILBOÐSVERÐ
115.900 KR.
Listaverð 166.400 kr.

MYNDFORM GRAFÍK

RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

www.hirzlan.is

Þær Halldóra Lóa Þórhallsdóttir kennslustjóri og Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor Háskólans á Bifröst, hlakka mikið til komandi skólaárs. MYNDIR/JAMES EINAR BECKER/HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Háskóli í heimsklassa í undurfagurri náttúruparadís

Háskólinn á Bifröst skartar einstökum sjarma, heillandi námslínum, líflegu skólaþorpi og metnaðarfullu skólastarfi sem laðar að fólk úr öllum áttum. Þar er mannlífið blómlegt og nemendur eignast góða vini fyrir lífstíð. Enn er opið fyrir umsóknir en metaðsókn er að skólanum í haust.

Það er metaðsókn að Háskólanum á Bifröst í haust, skólanum sem þurfti litlu að breyta til að halda áætlun vegna COVID-19 í vor og hefur nú fullkomin tök á veiruástandinu. Vélarnar hafa verið ræstar, kennarar og starfsfólk er komið til vinnu og allt er klárt fyrir móttöku 400 nýnema," segir Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor Háskólans á Bifröst.

Hún segir augljóst að fjarnám hafi fengið mikla viðurkenningu undanfarna mánuði.

„Tímarit eins og The Economist segir að í stað misgóðrar staðkennslu geti nú allir fengið heimsins bestu kennslu á netinu og líka ómetanlegan tíma fyrir kennslu í litlum umræðuhópum, nokkuð sem nemendur kunna best að meta af öllu. Undir því stendur Háskólinn á Bifröst svo sannarlega og laðar til sín fólk sem kýs sveigjanleika, fólk sem vill geta stundað nám samhliða vinnu og fólk sem vill flytja út á land, á einn fallegasta stað landsins. Til okkar sækir líka fólk sem vill fara í mastersnám og fá fyrirlesturinn heim í stofu og fólk sem vill fara í BS-nám eða drífa sig loksins í aðfaranám að háskólanámi," upplýsir Margrét sem tók við stöðu rektors við Háskólann á Bifröst þann 1. júní síðastliðinn.

Nemendur í Háskólanum á Bifröst tengjast órjúfanlegum vináttuböndum.

Ný skapandi námsbraut

Bifröst hefur vandað námsframboð fyrir alla og í haust bætast við umræðutímar í öll námskeið.

„Mesta aðsóknaraukningin er í mastersnám og þar eru vinsælustu námslínurnar Forysta og stjórnun, Opinber stjórnsýsla og Menningarstjórnun. Þá er alltaf góð aðsókn í viðskiptafræði og mikil aðsókn í nýja námsbraut í skapandi greinum," segir Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir kennslustjóri.

Hún bætir við að nám á Bifröst hafi einstakan sjarma þar sem nemendur hittist á vinnuhelgum þar sem þeir mynda tengsl og njóta einhverrar fegurstu náttúru Íslands.

„Þessi námsumgjörð hentar sérlega vel í nútímanum þar sem margir nemendur blanda saman vinnu og námi. Einnig hefur Bifröst laðað til sín þá sem vilja prófa að búa úti á landi, þá sem vilja einfalt líf og ódýra leigu. Fjölskyldurnar á háskólasvæðinu standa saman og styðja við bakið á hver annarri, skiptast á að passa börnin og læra saman. Þeir sem hafa búið á Bifröst eiga það svo allir sameiginlegt að fá glampa í augun þegar tíminn á Bifröst er rifjaður upp," segir Halldóra Lóa í undurfögru landslagi Bifrastar í Borgarfirði.

Háskólaþorpið á Bifröst er í miðju Grábrókarhrauni Borgarfjarðar og þaðan er stutt í óbeislaða náttúru allt um kring.

Margur spyr sig hvernig sé með vináttu hjá nemendum sem eru í fjarnámi við Háskólann á Bifröst. Myndast góð tengsl?

„Heldur betur," svarar Margrét rektor, „því nemendur vinna saman í hópavinnu á netinu og hittast utan kennslustunda fyrir utan ógleymanlegar og kröftugar vinnuhelgar. Bifröst gerir kröfur til nemenda sinna og þeir sem vaxa saman tengjast órjúfanlegum vináttuböndum."

Enn opið fyrir umsóknir

Bifröst verður með nýnemadaga sína á netinu vegna heimsfaraldursins en tekur jafnframt á móti nýnemum í litlum tuttugu manna hópum þar sem skólinn er kynntur fyrir þeim.

„Þá verða allar vinnuhelgar á netinu þar til ástandinu linnir, nokkuð sem við vonum að verði brátt. Vegna ástandsins höfum við enn opið fyrir umsóknir því við vitum að fólk er enn að missa vinnuna og gæti því viljað söðla um og fara í nám," segja þær Halldóra Lóa og Margrét, fullar tilhlökkunar fyrir komandi skólaári.

Nánari upplýsingar um allt sem viðkemur háskólanámi á Bifröst á bifrost.is.

17
ERT ÞÚ KLÁR Í SKÓLANN?
gallerisautján
KRINGLAN I SMÁRALIND

Í björtu með börnunum

Díana prinsessa vann mikið að mannúðarmálum og góðgerðarstarfsemi og alltaf þegar hún fór að heimsækja börn passaði hún upp á að vera klædd í bjarta og fallega liti fyrir tilefnið.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Díana Bretaprinsessa var þekkt sem prinsessa fólksins og vann ötullega að alls kyns mannúðar- og góðgerðamálum. Fyrir vikið heimsótti hún alls kyns fólk í opinberum störfum og eyddi oft tíma með börnum. Hún var þekkt fyrir að ná góðum tengslum við þá sem hún heimsótti og klæðaburður hennar var hluti af ástæðunni fyrir því að hún náði vel fólks. Fjallað var um þetta á vef Marie Claire.

Díana tók þá ákvörðun að hlýða ekki konunglegum reglum um að nota hanska, sem var umdeilt á sínum tíma. Það gerði hún vegna þess að hún vildi halda í hendur þeirra sem hún heimsótti og vera í beinni snertingu við fólk sem hún heilsaði með handabandi, samkvæmt Eleri Lynn, sýningarstjóra sýningarinnar Diana: Her Fashion Story. Á þessum tíma trúðu sumir því að það væri mögulega hægt að smitast af alnæmi með því að taka í hendina á alnæmissjúklingum, en Díana hjálpaði til við að útrýma þeirri goðsögn.

Hún hætti líka að ganga með hatta, þó að þeir væru taldir viðeigandi fyrir formlegar heimsóknir, vegna þess að hún gat ekki kúrt með börnum með hatt á höfðinu.

Elskaði umhyggjukjól sinn

Díana hafði alltaf mikla ást á börnum og hún eyddi miklum tíma í að heimsækja spítala og staði fyrir fólk í neyð. Þá passaði hún upp á að vera alltaf í björtum litum.

Hönnuðurinn David Sassoon, sem var vinur Díönu, segir að þetta hafði allt byrjað með kjól sem hún kallaði umhyggjukjólinn sinn. Það var kjóll með blómamynstri sem hún var í þegar hún fór til Lagos í Nígeríu, Sao Paulo í Brasilíu og þegar hún heimsótti líknardeild fyrir alnæmissjúklinga í London.

Í samtali við The Telegraph sagði Sassoon að það hefði verið tilviljun sem réði því að hún var í þessum kjól þegar hún heimsótti spítala og börn virtust safnast að henni og vera hrifin af honum. „Ef þú ert eins og prinsessan af Wales, sem elskaði börn, þá viltu ekki mjög formlegan klæðnað fyrir spítalaheimsókn," sagði hann. „Þú velur mjög óformlegan kjól í björtum litum, eins og þessi kjóll var. Það vakti aðdáun meðal ungra barna."

Þar sem börn löðuðust að hönnuninni ákvað Díana að halda áfram að vera í björtum litum til að gleðja þau og gera heimsóknirnar ekki eins formlegar.

Sassoon bætti við að Díana hefði haldið áfram að nota kjólinn, þrátt fyrir að aðrir væru ekki hrifnir. „Hún sagði: „fólk er alltaf að segja mér að vera ekki í honum, en ég elska þennan kjól, umhyggjukjólinn minn".

Díana var auðvitað fyrsti meðlimur konungsfjölskyldunnar til að brjóta allar reglurnar."

Mörg barnanna á barnaheimilinu í Sao Paulo voru smituð af HIV eða með alnæmi. Sumir trúðu að það væri hægt að smitast með snertingu, en Díana hjálpaði til við að útrýma þeirri goðsögn. MYND/GETTY

Hér er Díana í umhyggjukjólnum sínum að heimsækja heimili fyrir yfirgefin börn í borginni Sao Paulo í Brasilíu. Díana vildi vera í beinni snertingu við þau og elskaði hvernig þau löðuðust að kjólnum.

Hér er prinsessan í hvítu að heilsa upp á hóp barna þegar hún fór í heimsókn í glæsilegt musteri hindúa í Neasden í London, sem var þá nýopnað.

Hér er Díana prinsessa að heimsækja sjúklinga á líknardeild Móður Teresu í Kalkútta á Indlandi. Hún kaus fallegan, bleikan kjól fyrir þessa heimsókn.

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

Sérblað um fyrirtæki sem þjónusta önnur fyrirtæki kemur út miðvikudaginn 19. ágúst.

Í þessu blaði geta fyrirtæki eða einstaklingar kynnt sína þjónustu í formi kynningar eða með hefðbundinni auglýsingu.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúa Fréttablaðsins.
Netfang: jonivar@frettabladid.is – Beinn sími: 550-5654

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Nýir 2020 Mitsubishi Outlander Hybrid. Flottasta typa með öllum búnaði. Listaverð 6.690.000,- Okkar verð er 800.000 lægra eða 5.890.000,- Til sýnis á staðnum í nokkrum litum.

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Garðyrkja

PROSTONE
» Jarðvinna
» Drenlagnir
» Hellulagnir
» Þökulagnir
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsaviðhald

VIÐHALD FASTEIGNA
Tökum að okkar viðhald fasteigna ásamt nýsmíði. Einnig pípulagnir, flísalagnir, múrviðgerðir, málningarvinna og gluggaviðgerðir.
Uppl. í s. 780 3344 eða netfangið mavar@mavarehf.is

PROSTONE
» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tilkynningar

Tilkynningar

WWW.YAAKOVSWELL.NET
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.

Keypt & Selt

Til sölu

Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN:IS S. 867 6677

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

IÐNAÐAR- EÐA GEYMSLUHÚSNÆÐI TIL LEIGU
Til leigu við Auðbrekku í Kópavogi ágætt ca. 140 fm iðnaðar/geymslupláss. Tvennar innkeyrsludyr. Laust strax.
Upplýsingar í s: 893-8166.
Ragnar

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Heimilið

Ýmislegt

FYRIR BÖRNIN!
5 ferm.vel byggt timburhús.tilvalið í bústaðinn eða garðinn. Verð 250.000. Uppl.s: 8205181

COACHMEN Camper 30 feta camper

Árgerð 2000, ekinn 10 þkm
Verð 2.190.000 Rnr.130717.

BRAUT BÍLASALA
Bíldshöfða 3 • 110 Reykjavík
S. 587 6600 • www.bilabraut.is

NÝIR
DACIA DOKKER
Á FRÁBÆRU VERÐI

Komið og reynsluakið

ATVINNUBÍLAR
RÚMGÓÐIR MEÐ HURÐIR Á BAÐUM HLIÐUM
VERÐ AÐEINS **2.290** ÁN VSK. ÞÚSUND

5 MANNA
FYRIR FYRIRTÆKIÐ EÐA HEIMILIÐ
VERÐ AÐEINS **2.490** MEÐ VSK. ÞÚSUND stgr.

1461 cc - Disel - beinskiptir Skoðum með uppítöku á öllum tegundum bifreiða

Bílar í ábyrgð - Allt að 100% lánamöguleiki - Til í ýmsum litum - Góð endursala

586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18

2017-2019 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið keldan

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Translate English to Icelandic and vice versa.
Big and small letters and documents.

Þýði frá ensku á íslensku og öfugt,
texta bréf og skjöl.

Sími 6934490

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
ískúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is

HAGVANGUR

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**

Safnið heitir núna **Blöðin**

Vantar þig blaðið í dag, í gær eða helgarblað frá því í haust?

» Á frettabladid.is finnur þú Fréttablaðið í dag og safn eldri blaða undir flipanum **Blöðin**

Lestu Fréttablaðið þegar þér hentar á frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

13. ÁGÚST 2020 FIMMTUDAGUR

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar elskaða

Guðmundar Pálmars Ögmundssonar

rafeindavirkja, Brekkugötu 7, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknarþjónustunnar Heru og Líknardeildarinnar í Kópavogi fyrir nærgætna umönnun, umhyggju og hlýju.

Þórunn Blöndal
Bryndís Pálmarsdóttir **Hannu von Hertzen**
Hjördís Pálmarsdóttir **Guðlaugur Hjaltason**
Halldóra Pálmarsdóttir **Jón Júlíus Tómasson**
afabörn og langafabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hulda Vordís Aðalsteinsdóttir

Syðri-Bægisá, Hörgárbyggð,

lést 11. ágúst á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Útför auglýst síðar.

Katrín Steinsdóttir **Jóhannes Sigfússon**
Helgi Bjarni Steinsson **Ragnheiður Margrét Þorsteinsd.**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Kamilla Guðbrandsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Eir, þriðjudaginn 14. júlí sl.
Útför hennar fer fram frá Neskirkju, föstudaginn 14. ágúst nk., kl. 13.00.

Olga Hafberg **Björn Rögnvaldsson**
Einar Skúli Hafberg
Hrannar Már Hafberg **Rebekka Helga Aðalsteinsdóttir**
Júlíanna Ósk Hafberg
Svavar Skúli Einarsson

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Sigþrúður Margrét Þórðardóttir

fyrrum bóndi í Hvammi í Norðurárdal

er látin.
Í ljósi aðstæðna verður tímasetning og fyrirkomulag útfarar auglýst síðar.

Sverrir Guðmundsson
Hrafnhildur Sverrisdóttir **Axel Friðgeirsson**
Þórður Smári Sverrisson **Hanna Kristín Bjarnadóttir**
Sverrir Már Sverrisson
Dagur Sverrir, Margrét María og Freyja Magnea

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Gerður Stefanía Elimarsdóttir

frá Hólmum í Austur-Landeyjum, Stóragerði 7, Hvolsvelli,

lést laugardaginn 8. ágúst 2020. Útför hennar fer fram frá Stórólfshvolskirkju, laugardaginn 15. ágúst og hefst kl. 13. Vegna samkomutakmarkana geta aðeins allra nánustu aðstandendur verið í kirkjunni, en athöfninni verður útvarpað fyrir þá sem verða í bílum á staðnum.

Kristján Ágústsson
Ágúst Kristjánsson **Gunnhildur Edda Kristjánsd.**
Hrafnhildur R. Kristjánsd. **Fannar Jónasson**
Haukur Guðni Kristjánss. **Guðmunda Þorsteinsdóttir**
barnabörn, barnabarnabörn og fjölskyldur.

Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

Hinrik Carl, Eydís Mary, Karl Peterson og Silja Dögg eiga heiðurinn að efni bókarinnar. Sögur gefa hana út.

Vannýttar gjafir náttúru

Íslenskir þörungar eru ofurfæða að mati Eydísar Mary Jónsdóttur land- og umhverfisfræðings. Hún gerði um þá bók með öflugu fólki í matreiðslu, sagnfræði og ljósmyndun.

„Þörungar eru góðir til matar og þrungnir af bæti- og steinefnum," segir Eydís Mary Jónsdóttir. Hún er höfundur bókarinnar Íslenskir matþörungar sem Sögur voru að gefa út og er sú fyrsta sinnar tegundar.

Íslendingar nýttu þörunga áður fyrr og hefðu ekki lifað af gegnum aldirnar ef þeir hefðu ekki kunnað það, að sögn Eydísar. „Söl voru eini C-vítamíngjafinn sem Íslendingar höfðu yfir vetrartímann. Þau voru flutt yfir fjallgarða til þeirra sem ekki höfðu aðgang að þeim í náttúrunni, enda létt og oft hluti af verslunarvöru."

Silja Dögg Gunnarsdóttir, sagnfræðingur og alþingismaður, lagði Eydísi lið við efnisöflun. En þó bókin miðli fróðleik um fyrri tíð, þá kennir hún líka nútímafólki að nýta sér þörunga til matar. Eydís bendir á að hráefnið nori, sem vafið er utan um sushi, sé gert úr rauðþörungum og gefur mörg fleiri dæmi um nýtingu þörunga. Hún fékk Hinrik Carl Ellertsson matreiðslumeistara til að útbúa ýmsar krásir úr þeim og myndir sem Karl Peterson tók eru augnayndi í bókinni. En hvað kom til að Eydís fékk áhuga á þessu efni?

„Ég lærði landfræði í Danmörku en kom heim í hruni og fékk enga vinnu svo ég neyddist til að fara í meistaranám og tók þá umhverfis- og auðlindafræði í HÍ.

Harðfiskur, söl og smjör – holl og góð þrenning. MYND/KARL PETERSON

Á þeim tíma vissi ég ekkert um þörunga, sá bara fyrir mér gróður í fiskabúrum. Fyrsta vinnan mín var hjá Náttúrustofu Reykjaness í Sandgerði, þá varði ég einu sumri í að labba fjörur og hjálpa til að kortleggja hvaða tegundir væru þar.

Svo var ég með aukaverkefni um nýtingu þeirra bæði að fornu og nýju. Síðar kortlagði ég um það bil hálfa strandlengju Íslands, með tilliti til vaxtarsvæða."

Þörungar þurfa grjót og kletta til að festa sig við og þar er hægt að ná þeim ferskum allan ársins hring, að sögn Eydísar. Hún telur Skandinava ekki hafa nýtt þá til forna, en þekkingin hafi borist til Íslands með fallegu konunum sem víkingarnir tóku með sér frá Írlandi. „Þannig lærðu Íslendingar að nota þennan sjávargróður, sölin, purpurahimnuna og fleira ætilegt og það bjargar mörgum frá því að deyja úr skyrbjúg. En eftir síðari heimsstyrjöld varð fæðið fjölbreyttara í landinu og við hættum að pæla í sölum sem undirstöðu. Því hefur okkur skort kunnáttu til að búa til góðan mat úr þörungum en þar kemur bókin inn. Hún fræðir okkur meðal annars um hvernig hægt að búa til veislumáltíð úr þessum vannýttu gjöfum náttúrunnar."

gun@frettabladid.is

Ástkær bróðir okkar og mágur,

Þórir Andrés Laustsen

(Löddi)

er látinn.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.
Þökkum auðsýnda samúð.

Sveinbjörg Laustsen **Guðjón Guðmundsson**
Fanný Laustsen **Þórhallur Stefánsson**
Matthildur Laustsen **Ólafur Ólafsson**
Helgi Freddý Laustsen

Innilegar þakkir fyrir samúð og vinsemd við andlát og útför

Guðrúnar Huldu Guðmundadóttur

(Dúnnu)

Sérstakar þakkir til A3 á Grund fyrir alúð og hlýju í hennar garð.

Sigurbjörg Lundholm **Þórir Ólafsson**
Ísidór Hermannsson **Ingibjörg Júlíusdóttir**
Steinn G. Lundholm **Erla Elva Möller**
og afkomendur .

ht.is

RISA ÚTSALA!

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR – ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR!

TAKMARKAÐ MAGN!
SJÁÐU ALLT ÚRVALIÐ Á HT.IS

Heimilistæki

REYKJAVÍK AKUREYRI REYKJANESBÆR SELFOSS EGILSSTAÐIR AKRANES

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI!

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Suðvestan 13-23 m/s í dag, hvassast norðvestantil. Talsverð rigning á vestanverðu landinu og hiti 10 til 15 stig. Yfirleitt þurrt austanlands með hita á bilinu 18 til 25 stig. Dregur úr vindi og úrkomu í kvöld.

	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
°C	11	9	16	22	12	7
m/s	7 ↑	14 ↗	8 ↗	5 ↑	6 ↗	13 ↑

Föstudagur

	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
°C	13	11	17	21	17	8
m/s	4 ↗	9 ↗	3 ↗	4 →	1 ↑	8 ↑

Laugardagur

	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
°C	13	9	11	14	16	10
m/s	4 ↑	4 ↖	1 ←	1 ←	2 ↑	9 ↑

LÉTT

7	8		4			2		
				3	1		8	4
		5		6			7	
				1		4		
	7		6	2				5
4		9			7	1	6	
								1
5		7				9		
	2	6		5	3			

MIÐLUNGS

	1	5		2				3
	4					2		
3			4	6	1		7	
					5			6
			9	1		7		
5		4		8	2			
	5	2	1		4	9		
						4	1	
					7	3		

ÞUNG

9						6		
				2				4
		4		7				
5	4					3		
		2	8	9			5	
7			2			8		
8			4		6	1	9	
	9		3				7	6
3								

Krossgáta

LÁRÉTT
1. efla
5. kalla
6. tveir eins
8. síðri
10. sem
11. riffla
12. sjúkleiki
13. málmur
15. hjúkrunar
17. stigi

LÓÐRÉTT
1. sameind
2. stælir
3. fljótfærni
4. frárennsli
7. rjálari
9. megra
12. hyski
14. hækkar
16. verkfæri



LÁRÉTT: 1 magna, 5 opa, 6 ff, 8 langri, 10 er, 11 rák, 12 pest, 13 úran, 15 líkinar, 17 skall.
LÓÐRÉTT: 1 molekúl, 2 apar, 3 gan, 4 afrás, 7 fiktari, 9 grenna, 12 pakk, 14 rís, 16 al.

Skák

Gunnar Björnsson

Brynell átti leik gegn Schafranka í London árið 1990.

1...Hf1+! 2. Hxf1 Dh2+! 3. Kxh2 gxf1R+ 4. Kh2 Rxd2 0-1. Hikaru Nakamura vann öruggan sigur á Daniil Dubov á lokamóti mótasyrpu Magnúsar Carlsen og mætir heimsmeistaranum að öllum líkindum í úrslitum. Ólympíumótið í netskák hefst á morgun.

www.skak.is: Mótasyrpa Magnúsar.

Svartur á leik

2	9	8	5	6	3	1	7	4
4	1	5	7	2	9	8	3	6
6	7	3	8	4	1	5	9	2
5	2	1	9	7	4	6	8	3
3	8	4	6	1	5	7	2	9
7	6	9	2	3	8	4	5	1
8	4	2	1	9	7	3	6	5
9	3	7	4	5	6	2	1	8
1	5	6	3	8	2	9	4	7

3	7	8	9	1	5	4	2	6
9	4	6	2	3	8	7	5	1
1	2	5	4	6	7	8	3	9
7	5	2	1	8	3	9	6	4
8	9	4	5	2	6	1	7	3
6	1	3	7	4	9	2	8	5
2	3	1	6	7	4	5	9	8
4	6	9	8	5	2	3	1	7
5	8	7	3	9	1	6	4	2

4	6	8	2	3	9	5	7	1
9	5	7	8	1	4	2	3	6
1	2	3	6	5	7	8	9	4
2	4	1	9	6	3	7	8	5
3	8	6	7	4	5	9	1	2
7	9	5	1	8	2	4	6	3
6	7	4	3	2	8	1	5	9
5	1	9	4	7	6	3	2	8
8	3	2	5	9	1	6	4	7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Frjáls framlög enginn kostnaður!

VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.
907 1083 – 3.000 kr.
907 1085 – 5.000 kr.
907 1090 – 10.000 kr.

Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation

Réttur mánaðarins PLOKKFISKUR

ÍSLENSKT gjörið svo vel

998 kr./1 kg

Bónus Réttur - Plokkfiskur
1 kg - Verð áður 1.198 kr.

GERÐU ÞÍNA EIGIN ACAISKÁL

398 kr./300 g

Acai Ber
300 g - frosin

SAMA VERÐ UM LAND ALLT

598 kr./kg

Stjörnugrís Ferskur Gísabógur
af nýslátruðu

Lágkolvetna Próteinbrauð

Inniheldur 25% prótein
Aðeins 12g kolvetni pr. 100g

ÍSLENSKT gjörið svo vel

398 kr./420 g

Bónus Próteinbrauð
420 g

ÍSLENSKT gjörið svo vel

129 kr./pk.

Gæðabakstur Hamborgarabrauð
2 stk. í pk.

4stk.

ÍSLENSKT gjörið svo vel

259 kr./4 stk.

Bónus Mjúkar Kringlur
Nýbakaðar 4 stk.

NÝTT Í BÓNUS

498 kr./10 stk.

Lór álkaffihylki
10 stk.

24 STK
BRUNATÍMI
8 KLST.

298 kr./24 stk.

Teljós
24 stk brunatími 8 klst.

30 STK
BRUNATÍMI
6 KLST.

259 kr./30 stk.

Teljós
30 stk brunatími 6 klst.

ÍSLENSKT gjörið svo vel

298 kr./pk.

Lambhaga Spínatkál
125 g

Verð gildir til og með 16. ágúst eða meðan birgðir endast.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

VERÐLÆKKUN
VEGNA LÆGRI TOLLKVÓTA

1.298 kr./900 g

Euro Shopper Kjúklingabringur
verð áður 1.398 kr.

FRÁBÆRAR Í PASTA EÐA SÚPUNA

998 kr./pokinn

Hráar Risarækjur
454 g

ÍSLENSKT gjörið svo vel

1.198 kr./kg

KS Lambalæri
frosið

ÍSLENSKT gjörið svo vel

3.998 kr./kg

KS Lambafillet
frosið

ÍSLENSKT gjörið svo vel

1.998 kr./kg

Kjarnafæði Lambalærisneiðar
í raspi - frosnar

Aðgerðir Bónus vegna COVID-19

Opnum klst. fyrr fyrir áhættuhópa

Mánudaga-Fimmtudaga 10:00-11:00

Kauptún
Holtagarðar
Langholt - Akureyri
Korputorg
Fitjar - Reykjanesbær
Selfoss

bonus.is

BÓNUS

EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
Bónus Smáratorgi og Skeifunni: Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

BÍLAR

Hugsanleg stigskipting réttinda í Bretlandi þarf ekki að þýða sams konar kerfi hérlendis, enda Bretland á leiðinni út úr Evrópusambandinu og getur því farið á svig við ökuréttindalöggjöfina. MYND/NJÁLL GUNNLAUGSSON

Íhuga stigskiptingu ökuréttinda

Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is

Stigskipting ökuréttinda gæti þýtt að yngsti aldurshópurinn mætti ekki keyra á nóttunni, eða að sett yrðu mörk á afl ökutækja hans.

Þingmenn í Bretlandi eru að skoða möguleika á stigskiptingu bílprófsréttinda þar í landi, en samgöngunefnd breska þingsins mun halda fund 2. september næstkomandi þar sem sérfræðingar í þessu munu fara yfir málið.

Ef af stigskiptingu verður gætu ungir bílstjórar ekki mátt aka á nóttunni eða með fleiri en einn í bílnum, auk þess sem sett yrðu mörk á hversu öfluga bíla viðkomandi mega keyra. Einn af þeim sem tala mun fyrir nefndinni er dr. Neale Kinnear, deildarstjóri hegðunarvísindadeildar samgöngurannsóknarstofunnar (TRL).

Sparar stórar upphæðir

Eins og fram kemur í breska blaðinu Telegraph telur Kinnear að stigskipting réttinda geti komið í veg fyrir, eða geti fækkað látnum eða alvarlega slösuðum í bílslysum um 400 á ári. Það myndi einnig spara þjóðfélaginu stórar upphæðir, eða um 35 milljarða króna á ári.

Til viðbótar við stigskiptingu myndu nýir ökumenn þurfa að klára vissan fjölda ökutíma til að geta tekið verklegt próf. Ökumenn á aldrinum 17-24 ára eru í mestri áhættu að lenda í alvarlegum slysum. Þrátt fyrir að látnum í bílslysum hafi fækkað frá árinu 2012 í Bretlandi, hefur látnum í yngsta aldurshópnum ekki fækkað.

Tilraun á Norður-Írlandi

Ökumenn frá 17-19 ára eru 1,5 prósent ökumanna í Bretlandi, en lenda í 10 prósentum alvarlegra slysa. Fjórðungur yngsta aldurshópsins lendir í slysi á fyrstu tveimur árum réttinda sinn.

Stigskipting réttinda hefur þegar verið reynd með góðum árangri í löndum eins og Nýja-Sjálandi og Ástralíu og því vilja breskir þingmenn skoða möguleika á því, þó að fyrirsjáanlegt sé að slíkar hugmyndir yrðu ekki vinsælar.

Árið 2018 var ákveðið að koma á stigskiptingu réttinda á Norður-Írlandi til reynslu, en það mun koma til framkvæmda á þessu ári. Eflaust mun árangur þess þar hafa áhrif á útkomuna í Bretlandi á næstu árum, en stigskiptingin yrði eflaust einskorðuð við Bretlandseyjar. Þar sem Bretland er á leiðinni út úr Evrópusambandinu þýðir það að landið getur haft meiri áhrif á hvernig málum sem þessum er háttað. Ísland er aðili að ökuréttindalöggjöf Evrópusambandsins gegnum EES samninginn.

Prófunarbifreið BMW Group er vel merkt eins og sjá má á afturhlera og hliðum BMW X5 bifreiðarinnar.

BMW prófar búnað fyrir sjálfkeyrandi bíla á Íslandi

Þessi BMW X5 bifreið sást í umferðinni í Reykjavík í vikunni, en hún er rækilega merkt deild BMW-framleiðandans sem sér um prófun á sjálfkeyrandi ökutækjum.

Samkvæmt BMW Group er þetta ökutæki eitt af fjölmörgum sem eru á ferðinni um allan heim við raunprófanir við ýmis veðurskilyrði, á búnaði sem tengist sjálfkeyrandi bílum.

Nú þarf sérstakt leyfi til að prófa sjálfkeyrandi ökutæki á Íslandi en tekið skal fram að ekki varð séð á akstri eða ökumanni bílsins að slíkur akstur væri í gangi.

TAKK LJÓSAVINIR

Þið veitið krabbameinsgreindum ómetanlegan stuðning

ljosid.is



Nafn: Magnea Mist Einarsdóttir

Aldur: 21. fædd 1999

Starf/nám: Var að klára 1. árið í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands og ætla núna að taka smá námspásu og fara að vinna.

Hvernig myndir þú lýsa tilfinningunni þegar þú mættir í ljósið: Ég var alveg pínu stressuð því ég hafði síðan ég vissi hvað Ljósið væri haldið að það væri bara eldra fólk sem færi þangað. En það var tekið alveg rosalega vel á móti mér og æðislegt fólk sem starfar þarna. Hjálpaði mér að mæta á námskeið og fleira en hefði verið gaman ef fleiri væru á mínum aldri svo maður gæti kynnst jafnöldrum í sömu sporum. Hvet því alla að fara í ljósið, sama á hvaða aldri maður er!

Hvernig fréttir þú af ljósinu: Minnir að ég hafi frétt af því í gegnum ættingja.

Hver er uppáhalds dagskrárliðurinn þinn í ljósinu: Námskeiðin voru æði sem ég fór á þegar ég kom fyrst í ljósið, annars hef ég verið að mæta í nudd, myndlist og íþróttatíma. Það er svona það helsta.

Nýtti einhver ástvinur sér þjónustu fyrir aðstandendur: Það var enginn ástvinur minn sem gerði það, en ég myndi algerlega hvetja fólk til þess!

Ljósavinir eru ómetanlegur þáttur í starfsemi Ljóssins. Með þínu framlagi geta nú yfir 500 ljósberar eins og **Magnea Mist** notið endurhæfingar og stuðnings í hverjum mánuði. Það er ekkert sem býr mann undir að greinast með krabbamein en með þinni hjálp getum við boðið þeim sem greinast faglega endurhæfingu.
Fyrir það erum við ævinlega þakklát.

Ljósið

Eldblóm – dansverk fyrir flugelda og flóru

Sesselja G. Magnúsdóttir skrifar um verkið Eldblóm í Hallargarðinum í miðbæ Reykjavíkur. Þar skapar danshöfundurinn Sigríður Soffía Níelsdóttir eins konar flugeldasýningu úr blómahafi.

Hugmyndasmiður og listrænn stjórnandi: Sigríður Soffía Níelsdóttir
Verkefnastjórn og yfirumsjón með ræktun og útfærslu flugeldagarðsins: Zuzanna Vondra Krupkova
Blómainnsetning: Auður Jónsdóttir, Brynja Sigríður, Oddrún Sigurðardóttir

Blómabeðið í Hallargarðinum er sköpun Sigríðar Soffíu. MYND/MARINO THORLACIUS

Á menningarnótt árið 2013 sprengdi danshöfundurinn Sigríður Soffía Níelsdóttir (Sigga Soffía) hugmyndir flestra um hvað er dans í loft upp, þegar hún skapaði dansverkið Eldar sem var flugeldasýning menningarnætur það árið. Þúsundir gesta fylgdust með þegar flugeldar af öllum stærðum og gerðum þutu upp í himinhvolfið og dönsuðu örskamma stund áður en þeir leystust upp í reyk og hurfu út í sumarnóttina.

Núna, sjö árum seinna, þenur Sigga Soffía enn út vitund okkar um veröld dansins með því að bjóða okkur í Hallargarðinn í miðbæ Reykjavíkur til að berja þar augum einkar fagurt blómabeð með fjölda blómstrandi blóma og trjáa en beðið ber nafnið, Eldblóm – dansverk fyrir flugelda og flóru.

Ekki bara blómasýning

Eldblóm er hluti af Listahátíð í Reykjavík 2020 og var plantað í byrjun júní. Blómin og trjárunnarnir sem Sigga Soffía hefur ræktað með hjálp reyndra garðyrkjufræðinga frá fræjum síðan í vetur, er þó ekki bara blómasýning heldur líka handrit að flugeldasýningu sem áætlað var að skjóta upp á menningarnótt 2020.

Orðið eldblóm er þýðing á japanska orðinu hanabi sem notað er yfir flugelda. Flugeldahönnuðir hafa í gegnum aldir sótt innblástur í blómaríkið við gerð flugeldanna svo að eiginleikar hvers og eins þeirra endurspeglar eiginleika ákveðinna blóma, lit, lögun og áferð. Þegar Sigga Soffía uppgötvaði samsvörunina á milli þessara tveggja heima fékk hún þá hugmynd hvort hægt væri að rækta flugeldasýningu og er Eldblóm – dansverk fyrir flugelda og flóru afrakstur þeirrar hugmyndar.

Dansverk á himnum

Sigríður Soffía hefur um langt árabil haft áhuga á flugeldum og það var út frá þessum áhuga sem hún ákvað að skapa dansverk fyrir þá á himnum. Í fyrstu flugeldasýningunni Eldar hugsaði hún sköpun verksins út frá sköpun dansverks. Í danssköpun hefur hver dansari sitt hlutverk, sín spor, hreyfingar og hreyfigæði og lutu flugeldarnir sams konar lögmálum í flugeldadansinum. Seinna færði hún flugeldadansverkið yfir á líkama dansara Íslenska dansflokksins, þar sem þeir túlkuðu í hreyfingum og búningum hvern flugeld fyrir sig og samspil þeirra í heildarmyndinni. Flugeldadansverkið sem sýnt hafði verið á himinhvolfinu var komið heim í leikhúsið. Það má segja að sköpun Eldblómsins sé eðlilegt framhald af þessum pælingum.

En blómabeð sem danssýning, er þar ekki verið að fara fram úr sér í framúrstefnunni?

Hreyfing í tíma og rými

Dansverk er í megindráttum, hreyfing í tíma og rými. Það er ekki endilega alltaf augljóst utan frá séð hvenær hreyfing sem birtist í tíma og rými er dans og hvenær hún er eitthvað allt annað, en stundum má hreinlega hugsa sér að hreyfing í tíma og rými verði að dansi þegar kóreógrafísk vinna hefur verið lögð í sköpun aðstæðna og þegar skapari aðstæðnanna býður áhorfendum að nálgast það sem dans. Þannig ræður samhengið miklu um hvernig við skilgreinum viðburði og í raun með hvaða augum við lítum þá.

Mynd frá flugeldasýningunni árið 2013. MYND/MARINO THORLACIUS

> **Í VERKINU ELDBLÓM NOTAR SIGGA SOFFÍA FÆRNI SÍNA Í DANSSKÖPUN OG SAMSETNINGU LITA, LÖGUNAR OG ÁFERÐAR Í TÍMA OG RÝMI TIL AÐ GERA „FLUGELDASÝNINGU“ ÚR BLÓMAHAFI.**

Verkin þrjú sem vísað er í hér í þessari umfjöllun, flugeldasýningin, blómabeðið og danssýningin í Borgarleikhúsinu byggja öll á hreyfingu í tíma og rými, kóreógrafískri vinnu og boði skapara þeirra að líta á þau sem dansverk. Verkin eru mjög ólík hvað varðar tíma og rými, flugeldaverkið tekur 15 mínútur í flutningi á himnum, það verður að fylgjast með blómabeðinu yfir heilt sumar á jörðu niðri og dansverkið tekur eina kvöldstund í myrku leikhúsinu, en öll byggja þau samt á sama grunni.

Í verkinu Eldblóm notar Sigga Soffía færni sína í danssköpun og samsetningu lita, lögunar og áferðar í tíma og rými til að gera „flugeldasýningu“ úr blómahafi. Það eru hrein tengsl á milli uppsetningar blómanna og samsetningar flugeldasýningarinnar sem blómabeðið endurspeglar. Sköpunarferlið einkennist af nákvæmni í röðun og tímasetningum. Það tekur tíma að finna réttu hreyfingarnar í góðu dansverki, setja þær saman og fínstilla svo að allt gangi upp. Rétt tímasetning er þar eitt af lykilatriðunum. Það sama á við um skipulag blómabeðsins og eða flugeldasýningar.

Nákvæmnin í sáningu upp á rétta liti og tíma á því hvenær blómin springa út, skiptir sköpum fyrir tilvist blómabeðsins og flugeldarnir þurfa að fara upp á nákvæmlega réttum tíma til að sjónarspilið verði sem mest og samspil þeirra heilli áhorfandann. Það þarf að kóreógrafera blómabeðið af jafnmikilli nákvæmni og flugeldasýninguna og danssýninguna. Allt þrennt hefur mismunandi innri tíma og allt þrennt hefur mismunandi umgjörð, en lögmál undirbúningsins á öllu þrennu er eins, til að áhorfandinn fái notið augnabliksins.

Það er auðvelt að ganga um Hallargarðinn og njóta dásemda blómabeðsins á sama hátt og annarra fagurra blómabeða sem finna má í borginni, en ef að hugmyndirnar á bak við beðið eru skoðaðar þá fær upplifunin af því nýja merkingu. Þá birtist hreyfingin í tíma og rými, dansinn sjálfur.

Sesselja G. Magnúsdóttir

Reynslan sópaðist saman og til varð sýning

Kristbergur Ó. Pétursson sýnir myndverk og ljóð í SÍM-húsinu. Verk sem gengu þvert á plön hans í myndlistinni. Listamaðurinn segir verkin innihalda sammannlega og almenna skírskotun.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

„Í fyrra fóru alls konar fígúrur að detta inn í myndverkin hjá mér," segir Kristbergur Ó. Pétursson myndlistarmaður og ljóðskáld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Að fenginni reynslu er yfirskrift sýningar Kristbergs Ó. Péturssonar í SÍM-húsinu. Sýningin samanstendur af myndverkum sem gerð eru með þekjulitum og eru frá þessu ári og því síðasta. Á sýningunni eru einnig ljóð eftir Kristberg, sem eru bæði á íslensku og í enskri þýðingu Aðalsteins Ingólfssonar.

Í sýningarskrá segir: „Margir eiga bágt í samfélagi okkar. Sumir eru jaðarsettir, utangarðs, jafnvel útskúfaðir og jafnframt í vissum skilningi innilokaðir eða staddir í blindgötu. Við erum stundum fljót að dæma. Það er mikilvægt að gæta virðingar. Allir hafa sögu að segja. Jákvæðni, umburðarlyndi, tillitssemi og trúnaður er mikilvægt. Það er líka mikilvægt að taka fólki eins og það er og vera til staðar fyrir hvert annað. Verkin innihalda sammannlega og almenna skírskotun."

Myrk verk

„Þetta eru myrk verk en það örlar samt á litum í nokkrum þeirra," segir Kristbergur. „Í fyrra fóru alls konar fígúrur að detta inn í myndverkin hjá mér í skissuvinnunni. Smám saman áttaði ég mig á því að þessar fígúrur áttu rætur að rekja til starfsumhverfis míns og reynslu sem starfsmaður í heimaþjónustu Hafnarfjarðar. Þar hef ég séð ýmislegt og kynnst mismunandi aðstæðum fólks, sérstaklega þeirra sem komnir eru á efri ár. En ég legg áherslu á að verkin innihalda einungis almennar skírskotanir sem geta átt við hvar og hvenær sem er.

> **ÞETTA VARÐ AÐ FÁ SINN TÍMA OG SITT PLÁSS OG ÚTKOMAN ER Á ÞESSUM VEGGJUM.**

Ég hef líka haldið námskeið fyrir eldri borgara, þá sem þurfa starfsendurhæfingu og geðfatlaða. Öll þessi reynsla sópaðist saman og braust út í þessum verkum sem gengu þvert á öll mín plön í myndlistinni. Ég er myndlistarmaður sem málar abstrakt og er ekki fígúratífur. En eins og John Lennon sagði: Life is what happens when you are busy making other plans. Þetta varð að fá sinn tíma og sitt pláss og útkoman er á þessum veggjum."

Sjö ljóð

Um ljóðin segir hann: „Í nokkur ár hef ég fengist við að yrkja ljóð. Ég valdi sjö þeirra á sýninguna, þau fjalla um manninn í hinum ýmsu myndum. Þótt það séu engin bein tengsl milli ljóðanna og myndanna þá finnst mér ljóðin geta virkað í samhengi við myndverkin og það sem ég er að hugsa í þeim."

Sýning Kristbergs stendur til 21. ágúst og er opin á virkum dögum kl. 10 til 16.

La-la fyrir Jóhann Sebastian Bach

TÓNLIST

Eyþór Ingi Jónsson á Orgelsumri í Hallgrímskirkju.

★★★★☆

Verk eftir Buxtehude, Bach, Magnús Blöndal og Gísla Jóhann Grétarsson

Hallgrímskirkja

Fimmtudaginn 6. ágúst

Eyþór Ingi. Leikur hans var vandvirkur, segir gagnrýnandi.

Einu sinni sótti organisti nokkur um vinnu. Í umsókninni skrifaði hann: „Ég sæki hér með um starf sem organisti við kirkjuna. Þér auglýstuð eftir konu eða karlmanni til að leika á orgelið. Undanfarin ár hef ég verið bæði, svo ég ætti að koma sterklega til greina."

Tónleikar í Hallgrímskirkju í hádeginu fimmtudaginn 6. ágúst voru ekki svona. Karlmaður lék á orgelið, og hann var ekki í drag. Tónskáldin á efnisskránni voru karlmenn. Eitt tónskáldið var meira að segja með geislabaug. Það var Bach. Ýmiss konar vitleysa hefur verið skrifuð um hann. Tónlistarfólk ber svo mikla virðingu fyrir honum að það er eins og að allt sem var gert fyrir daga hans hafi verið la-la.

Frábært tónskáld í sjálfu sér

Buxtehude er dæmi um þetta, en hann átti fyrsta verkið á tónleikunum. Eyþór Ingi Jónsson, organisti við Akureyrarkirkju, lék eftir hann Passakalíu, sem er eins konar dans. Tónlistarfræðingurinn Manfred Bukofzer hélt því fram að Buxtehude hefði aðeins lagt grunninn að því sem Bach þróaði til fulls. En Buxtehude var frábært tónskáld í sjálfu sér og það sem Eyþór spilaði var fagurt. Leikur hans var vandvirkur og samhljómur ólíkra radda var í senn tær og nostursamlega mótaður. Útkoman var hrífandi.

Bach bar sjálfur mikla virðingu fyrir Buxtehude, svo mjög að þegar hann var ungur maður gekk hann 400 kílómetra til að hlusta á hinn aldna snilling spila á orgelið. Það er svona eins og göngutúr frá Reykjavík til Akureyrar og hefur væntanlega tekið um viku með stoppum. Ekkert Spotify þar!

Spúkí tónlist

Næst á dagskránni var tónsmíð af allt öðrum toga. Ionization eftir Magnús Blöndal var samið með hinni svokölluðu tólftónatækni, sem var vinsæl aðferð meðal tónskálda á tuttugustu öld, en illa liðin af almenningi. Slík tónlist er afar ómstríð og tormelt, og oftar en ekki óhugnanleg. Engu að síður eru til mörg flott verk af þessum toga, og Ionization er eitt þeirra. Eyþór spilaði það af fagmennsku. Þar voru ýmist gríðarlegir, háværir hljómaklasar eða einfaldar, dularfullar hendingar sem sköpuðu annarlegt, sterkt andrúmsloft. Túlkun Eyþórs var markviss og áleitin: Spúkí stemningin komst fyllilega til skila.

Ánægjuleg heildarmynd

Kafli úr sónötu eftir Gísla Jóhann Grétarsson var næstur á dagskrá. Tónlistin var í mjög einföldu, hefðbundnu formi og var nokkuð fyrirsjáanleg, en hún var blæbrigðarík í meðförum organistans og heildarmyndin var ánægjuleg.

Önnur Passakalía, að þessu sinni eftir Bach, rak svo lestina, og var hún yfirleitt hin glæsilegasta. Einstaka tónar voru að vísu ekki alveg hreinir, en túlkunin engu að síður stórbrotin, tignarleg og kraftmikil.

Ánægjulegt var að sjá hve tónleikagestir pössuðu vel upp á tveggja metra regluna, ólíkt því sem virðist hafa tíðkast undanfarið á mörgum börum. Í kirkjunni voru um níutíu manns, og hún er svo stór að auðvelt var fyrir gesti að dreifa sér um hana. Þetta var gaman. **Jónas Sen**

NIÐURSTAÐA: Falleg tónlist sem var prýðilega flutt.

Frítt er inn á tónleika Tríós Ómars Einarssonar í Salnum.

Tríó Ómars Einarssonar í Salnum

Tríó Ómars Einarssonar kemur fram í Salnum í dag, fimmtudag, klukkan 17.00. Tríóið flytur djassstandarda í skemmtilegum útsetningum í bland við frumsamið efni með suðrænum andblæ. Tríóið er skipað þeim Ómari Einarssyni gítarleikara, Jóni Rafnssyni bassaleikara og Erik Qvick á slagverk.

Frítt er inn á tónleikana en að þessu sinni þurfa tónleikagestir að sækja sér boðsmiða á heimasíðu Salarins, www.salurinn.is, til að tryggja sér sæti. Takmarkaður sætafjöldi er í boði.

Eyþór í Hallgrímskirkju

Í dag, fimmtudaginn 13. ágúst kl. 12.30 í Hallgrímskirkju, leikur Eyþór Franzson Wechner-verk eftir fjögur tónskáld: Faustas Latenas, Robert Schumann, Alfred Hollins og prelúdíu og fúgu í D-dúr eftir Johann Sebastian Bach.

Eyþór er starfandi organisti Blönduóskirkju og nærsveita, kennir við Tónlistarskóla A-Húnavatnssýslu og við Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Eyþór hefur komið fram á einleikstónleikum á Íslandi, Þýskalandi og í Ástralíu.

LÆGSTA VERÐIÐ Í ÖLLUM LANDS-HLUTUM

Orkan býður lítrann á lægsta verðinu í öllum landshlutum – án allra skilyrða.

ORKAN

DAGSKRÁ

Fimmtudagur

HRINGBRAUT

20.00 Mannamál - sígildur þáttur Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
20.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Víkurfréttir ehf.
21.00 21 - Fréttaþáttur á fimmtudegi er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Hugleiðsla með Auði Bjarna Leiðsögn um öndun, slökun og næringu andans.
21.45 Bókin sem breytti mér fjallar um uppáhaldsbækur kunnra bókaorma landsins.

RÚV SJÓNVARP

13.00 Matarmenning
13.30 Íþróttaafrek Íslendinga. Vala Flosadóttir - Ásgeir Sigurvinsson
14.00 Upplýsingafundur Almannavarna
14.35 Gettu betur 2010 Verzlunarskóli Íslands - Menntaskólinn við Hamrahlíð
15.40 Grænkeramatur
16.10 Manstu gamla daga? Enn galar Gaukur
17.00 Ekki gera þetta heima
17.30 Borgarsýn Frímanns
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Netgullið Trio. Cybergullet
18.25 Krakkar í nærmynd. Suma
18.41 Jörðin Allt þetta plast!
18.50 Vísindahorn Ævars Krakkar frá Hvolsskóla
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Sumarlandinn
19.40 Sögur frá landi
20.10 Dagný - Ef ég slaka á núna þá dey ég Dagny - om jag sätter mig ner nu dör jag Sænsk heimildamynd frá árinu 2019. Dagny Carlsson varð þjóðþekkt í Svíþjóð árið 2015, þá 103 ára bloggari. Nú er hún orðin 106 ára, vill nýta tímann sem hún á eftir vel og er tilbúin í ný ævintýri. Þegar finnski leikstjórinn Finn Power býður henni aðalhlutverk í bíómynd stekkur hún til. Hún fer á tökustað á Álandseyjum og við tekur óvænt atburðarás.
21.10 Þýskaland '86. Deutschland '86
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Lögregluvaktin. Chicago PD
23.05 Skylduverk. Line of Duty
00.05 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

10.05 Champions Tour Highlights
11.00 European Tour 2020 Bein útsending frá Celtic Classic á Evrópumótaröðinni.
13.00 European Tour 2020 - Highlights
14.00 European Tour 2020 Bein útsending frá Celtic Classic.
17.00 PGA Special. Memorial Week of Show
17.20 PGA Tour. The Cut Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni.
18.00 PGA Tour 2020 Bein útsending frá Wyndham Championship.
22.00 LET Tour 2020 Útsending frá Ladies European mótaröðinni.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
11.30 Dr. Phil
12.15 The Late Late Show
13.00 90210
13.45 Black-ish
14.10 The Block
15.35 Survivor
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 American Housewife
19.30 The Unicorn
20.00 Almost Family Skemmtileg þáttaröð um unga konu sem kemst að því að hún á fjölda hálfsystkina.
20.50 Get Shorty
21.45 Mr. Robot
22.35 Love Island
23.30 The Late Late Show
00.15 Hawaii Five-0
01.00 Blue Bloods
01.45 Nancy Drew Spennandi þáttaröð um 18 ára stúlku sem er snillingur í að leysa ráðgátur. Hún býr í smábæ þar sem allir eiga sér einhver leyndarmál.
02.30 Charmed
03.15 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Sumarmál. Fyrri hluti
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Sumarmál. Seinni hluti
14.00 Fréttir
14.03 Málverk í útvarpi
15.00 Fréttir
15.03 Óborg (3 af 5)
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Millispil
17.00 Fréttir
17.03 Tengivagninn
18.00 Spegillinn
18.30 Saga hlutanna Hin nýju sjö undur veraldar - mannvirki
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sumartónleikar Art Ensemble of Chicago á djasshátíðinni í Chicago
20.30 Á reki með KK
21.30 Kvöldsagan. Sjálfstætt fólk (16 af 49)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Sumarmál. Fyrri hluti
23.05 Sumarmál. Seinni hluti
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.25 Second Act
13.10 Office Space
14.35 Music of Silence
16.10 Second Act
17.55 Office Space
19.20 Music of Silence
21.00 Little Miss Sunshine
22.40 The Meg
00.30 Escape Plan 2. Hades
02.00 Little Miss Sunshine

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.20 Grey's Anatomy
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 The Mindy Project
10.25 Gossip Girl
11.10 Divorce
11.40 Besti vinur mannsins
12.05 The Middle
12.35 Nágrannar
12.55 Golfarinn
13.25 Sporðaköst 6
13.50 Óbyggðirnar kalla
14.15 Leitin að upprunanum
14.50 Hið blómlega bú
15.20 Two Brothers
17.00 Mom
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.48 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Nei hættu nú alveg
19.40 Shipwrecked
20.25 Masterchef UK
21.00 Veggfóður
22.25 NCIS. New Orleans
23.10 Real Time With Bill Maher
00.15 Rebecka Martinsson
01.00 Pennyworth
02.00 Whiskey Cavalier
02.40 Whiskey Cavalier
03.20 Whiskey Cavalier

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDAN

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Middle
21.55 Góðir landsmenn
22.25 Humans
23.15 The Inventor. Out for Blood in Silicon Valley
01.10 Friends
01.30 Friends
01.55 The Middle

STÖÐ 2 SPORT

09.45 Breiðablik - ÍA Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
11.35 Fylkir - HK
13.25 Stjarnan - Víkingur R.
15.00 Pepsi Max Tilþrifin - 9. umferð Kjartan Atli Kjartansson fer yfir leiki dagsins í Pepsi Max deild karla ásamt sérfræðingi. Öll mörkin og atvikin úr leikjunum auk þess sem rætt er við þjálfara og leikmenn.
16.05 9. umferð Guðmundur Benediktsson fer yfir síðustu umferð Pepsi Max deildar karla ásamt sérfræðingum Stöðvar 2 Sports. Öll helstu málefni deildarinnar eru krufin til mergjar, umdeildustu atvikin skoðuð sem og glæsilegustu tilþrifin.
17.30 Rosengård - Linköping
19.10 Pepsi Max Mörkin
20.10 Pepsi Max Stúkan Sérstakur þáttur þar sem staðan er tekin á liðunum í Pepsi Max deild karla. Þátturinn er í umsjón Guðmundar Benediktssonar.
21.30 Pepsi Max Stúkan
22.45 English Championship
23.10 Ally Championship

STÖÐ 2 SPORT 2

08.00 Leipzig - Tottenham
09.35 Liverpool - Atletico Madrid
11.55 Atalanta - PSG
13.50 Meistaradeildarmörkin
18.30 Meistaradeildin - upphitun
18.50 Leipzig - Atletico Madrid Bein útsending frá leik í 8 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu.
21.00 Meistaradeildarmörkin

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Skólatöskurnar

færðu hjá okkur

A4

Íþróttataska
fylgir með

Góður stuðningur við axlir og bak. Góðar endurskinsmerkingar og bólstraðar axlarólar.

WWW.A4.IS

/A4VERSLANIR

Opið til miðnættis í A4 Skeifunni *til 20. ágúst*

KRINGLUNNI

SKEIFUNNI
AKUREYRI

SMÁRALIND
EGILSSTÖÐUM

HAFNARFIRÐI
SELFOSSI

„Við höfðum meiri tíma og svigrúm til að vinna að plötunni á okkar forsendum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Allar flóðgáttirnar stóðu opnar

Lagið Prince með hljómsveitinni Mammút kemur út í dag. Von er á breiðskífunni Ride the Fire í október. Platan frestaðist vegna COVID-19. Stöllurnar segja undarlega tíma eflaust hafa kennt mörgum að leita inn á við.

Í dag kemur út lagið Prince með hljómsveitinni Mammút. Lagið var það síðasta sem kom út úr hljóðversvinnu við gerð nýjustu plötu þeirra, Ride the Fire.

„Það hafði blundað bak við augu og eyru gegnum allt upptökuferlið en við fundum því ekki réttan farveg fyrr en í blálokin. Það er uppgjör, leikur, háð. Allar flóðgáttir stóðu opnar eftir sleitulausa vinnu og svefnlausar nætur, þá birtast manni oft bestu lögin. Þau banka upp á þegar ritskoðunin er engin og orkunotkunin hefur færst frá höfði yfir í hendur. Við lágum yfir gítarsólóinu í marga daga og töldum okkur hafa fundið hið fullkomna gítarsánd,“ segir Ása Dýradóttir, bassaleikari sveitarinnar.

Skúlptúr eftir Katrínu og mynd eftir Ásu prýðir plötuumslag Ride the Fire.

Undarlegir tímar

Platan var tekin upp og pródúseruð af Árna Hjörvari Árnasyni, sem er mjög náinn hljómsveitinni.

„Ása var búsett með honum í London áður en vinna við plötuna hófst, og við ákváðum að gera þetta með honum þar sem við vorum nú þegar að vinna mikið að tónlist saman. Hann tók áður upp ábreiðuna okkar af Believe í London árið 2017 og hefur verið okkar allrahanda samstarfsfélagi síðan þá. Auk þess að taka upp Ride the Fire, hefur hann verið okkur innan handar sem hljóðmaður á túr, leikið í myndböndum og syngur svo með mér í viðlagi Prince,“ segir Katrína Mogensen, söngkona Mammút.

„Við gátum ekki ímyndað okkur

> ALLAR FLÓÐGÁTTIR STÓÐU OPNAR EFTIR SLEITULAUSA VINNU OG SVEFNLAUSAR NÆTUR, ÞÁ BIRTAST MANNI OFT BESTU LÖGIN.
>
> Ása

að taka þessa plötu upp með öðrum en honum, hann er besti pródúserinn og ferðafélagi okkar síðustu árin,“ segir Ása.

Ása og Katrína ákváðu að gera tónlistarmyndband við lagið Prince sjálfar, frekar en að leita annað.

„Við lögðum upp með heljarinnar „storyboard“ og áform um hina og þessa heima, sem við eimuðum svo yfir í einfalt samtal tveggja karaktera. Við vildum prófa að gera þetta bara tvær í rólegheitum, án útskýringa, funda eða ágreinings. Við fengum svo Línu Thoroddsen til að klippa efnið með okkur. Ætli undarlegu tímarnir í ár fái mann ekki í auknari mæli til þess að leita inn á við, skoða verkfærin sín og þróa með sér getu til að nota þau,“ segir Ása.

Vilja ekkert miðjumoð

Útlit plötunnar og fylgiefni hönnuðu meðlimirnir sjálfir.

„Þar sem við erum búin að marínerast í svo mörg ár sem listakollektív og þróa á milli okkar ákveðna lífssýn og heimspeki getur verið erfitt fyrir okkur að innleiða vinnu utanaðkomandi aðila, nema útkoman endi í miðjumoði,“ segir Ása.

„Við Ása og Alexandra erum allar faglærðar ýmist í myndlist eða grafískri hönnun, svo við metum það svo að við séum bestar í verkið. Við höfum alltaf séð um listina og útlit sem fylgir útgáfunum og munum veiða áfram úr þeim sýrupolli sem er á milli okkar. Áfram veginn og treystum engum,“ segir Katrína.

Upphaflega stóð til að Ride the Fire kæmi út í vor og að hljómsveitin myndi svo túra yfir sumarið. Heimsfaraldurinn setti þó strik í reikninginn og útgáfunni var því frestað fram í október.

„Svo krossar maður bara fingur og vonar að sumarfestivölin eigi sér stað 2021, þó að útlitið sé svart. Við höfum eytt árinu í að hlúa að útgáfunni og umgjörð hennar, í bland við að hlúa að börnum og buru, en Mammútabörnin eru núna í þúsundatali og krefjast mikillar athygli, stór og loðin,“ segir Ása.

Traustið mikilvægt

Vinnan að baki plötunni stóð yfir í tvö ár.

„Hún fól í sér samtíning af einstaklingsvinnu milli landa, og afrakstur vinnulota, þar sem við komum saman í stúdíói eða æfingarými í London eða Reykjavík, tókum upp, púsluðum og gerðum endalausar tilraunir. Svo skildust alltaf leiðir inn á milli og hægt var að virða efnið fyrir sér og breyta og bæta þegar næsta lota hófst. Þegar traustið er mikið milli einstaklinga er þetta rosalega þægileg vinnuaðferð,“ segir Ása.

„Já, traustið á ferlið og efnið þarf líka að vera til staðar, engar hugmyndir eru tilgangslausar, annaðhvort þarf að klæða þær í búning eða leyfa þeim að umbreytast í öðrum útsetningum,“ segir Katrína.

Höfðu meira svigrúm

Áður hafa þau líkt plötunni við ferðalag ofan í kanínuholu.

„Við stigum inn í ferlið eins og svampar, svona duglegir svampar. Tilbúin að skoða allt það sem á okkar vegi varð og vinna hörðum höndum. Við lögðum ekki upp með neinn fyrir fram áætlaðan strúktúr eða hljóðheim, heldur notuðum forvitnina og tímann sem vopn,“ segir Ása

„Þessi plata var líka frábrugðin þeirri á undan, Kinder Versions, að því leytinu til að við höfðum meiri tíma og svigrúm til að vinna að henni á okkar forsendum. Við vorum ekki að eltast við ákveðna útkomu heldur bara að njóta leiksins og kafa dýpra,“ segir Katrína.

„Og þar sem allir áætlaðir tónleikar virðast sífellt falla niður, höldum við bara áfram að krukka í eigin sjón-, og hljóðræna drullumalli, það verður gaman að fylgjast með útgáfuflórunni í tónlistarbransanum 2021,“ bætir Ása við.

Lagið Prince kemur út í dag á öllum helstu streymisveitum. Platan Ride the Fire kemur út í október. Útgáfutónleikar verða tilkynntir síðar. **steingerdur@frettabladid.is**

SALTVATNS - POTTAR

- NOTA SALT Í STAÐ KLÓRS
- HÚÐ MÝKRI
- UMHVERFISVÆNT
- NÁTTÚRULEGT
- 100% SJÁLFHREINSANDI POTTTAR
- RAFMAGNSNOTKUN
  PR. MÁN. C.A. 3000 KR.

HEITIRPOTTAR.IS

HÖFÐABAKKI 1 - SÍMI 7772000

FISKRÉTTUR DAGSINS

1.790 kr/kg

FISKIBOLLUR

2 FYRIR 1

OPIÐ 10-18
LAUGARDAGA 10-15

Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 • Höfðabakka 1
Sími 555 2800

Eva Sigurðardóttir er ein af skipuleggjendum Druslugöngunnar síðustu árin, sem og í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

Rafræn Druslugangan

Í ár er Druslugangan með breyttu sniði vegna heimsfaraldurs COVID-19. Rafræn Druslugangan fer fram á veftímaritinu Flóru í dag.

Druslugöngunni í ár verður ekki aflýst vegna smithættu, heldur verður hún haldin með nýju sniði á vefsíðu femíniska veftímaritsins Flóru. Í tilefni af tíu ára afmæli Druslugöngunnar hefur verið boðað til rafrænnar göngu. Segja má að ræðuhöld Druslugöngunnar færist yfir á tímaritið Flóru, þar sem jaðarsettar raddir fá pláss til að lýsa sinni upplifun.

„Vegna núverandi aðstæðna í þjóðfélaginu aðlaga Druslur sig að breyttum aðstæðum með því að birta greinar, ljóð og list," segir Eva Sigurðardóttir, einn skipuleggjandi göngunnar. Unnið var að því að finna nýja leið til að vekja athygli á málstað göngunnar, þrátt fyrir að ekki væri hægt að sýna samstöðu með því að safnast saman á götum bæjarins.

Fyrsta Druslugangan var farin hér á Íslandi árið 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Valdefla jaðarhópa

„Markmið átaksins í ár er að fá fólk með forréttindi til að átta sig á því að það hafa ekki allir sömu réttindi og að við verðum að nýta forréttindi okkar til að stíga til hliðar og leyfa öðrum að njóta sín."

Brugðið var á það ráð að fá fjölbreyttan hóp einstaklinga til að deila reynslu sinni á veftímaritinu Flóru. „Boðskapur Druslugöngunnar er að standa með brotaþolum og í ár vildum við fá að heyra í einstaklingum sem fá oft ekki pláss í sviðsljósinu," segir Eva

„Okkur finnst allri umræðunni um ofbeldi og kynjamisrétti hafa verið stjórnað af forréttindafólki og vildum þannig hleypa fleiri hópum að." Auglýst var eftir þátttakendum í rafrænu gönguna og létu svörin ekki á sér standa.

OKKUR FINNST ALLRI UMRÆÐUNNI UM OFBELDI OG KYNJAMISRÉTTI HAFA VERIÐ STJÓRNAÐ AF FORRÉTTINDAFÓLKI OG VILDUM ÞANNIG HLEYPA FLEIRI HÓPUM AÐ.

„Við fengum til liðs við okkur konur af erlendum uppruna, litað fólk og fólk sem glímir við fíkn, svo nokkur dæmi séu tekin." Greinahöfundar ákváðu síðan sjálfir hverju þeir vildu deila.

Kröfuganga á vefnum

Í stað þess að fylkja liði í miðbænum er fólk hvatt til að deila áfram greinum sem innihalda fræðslu um ofbeldismenningu og fordóma gegn hópum sem hefur verið þrýst út á jaðarinn. „Því fleiri sem áframdeila greinunum, því lengri kröfuganga myndast á vefnum."

Rafræna Druslugangan fer fram á morgun og er hægt að taka þátt án þess að brjóta gegn sóttvarnalögum með því að heimsækja heimasíðu Flóru. „Sýnum öllum brotaþolum ofbeldis stuðning óháð kyni, kynþætti, fötlun, útliti, litarhætti, kyntjáningu, kynhneigð, kyngervi, heimilisaðstæðum, heilsufari, líferni og öðrum stöðlum samfélagsins. Dreifum boðskapnum."

Öllum er velkomið að taka þátt í rafrænni Druslugöngu á https://flora-utgafa.is/.

kristlin@frettabladid.is

EKKI SNERTA!
BORGAÐU OFURSTANUM SNERTILAUST
INNI Á STAÐNUM, Í LÚGUNNI
EÐA Í KFC APPINU.
NÝTT
KFC APPIÐ
ÍSLENSKT Í 40 ÁR
KFC
Col. Harland Sanders

ILVA

13. - 17. ÁGÚST

GO CRAZY

FIMMTUDAG - MÁNUDAGS

Sparaðu 25%

AF ÖLLUM VÖRUM*

*20% afsláttur af sérpöntunum.
Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði.

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 - www.ILVA.is
mánudaga - sunnudaga 12-18

Hendrikka hefur stundað nám að undanförnu við London Academy of Arts. MYND/AÐSEND

Fær innblástur frá Gloriu Vanderbilt

Í dag hefst sýning á málverkum eins þekktasta skartgripahönnuðar landsins, **Hendrikku Waage**, í versluninni Evu. Innblásturinn fyrir málverk sín segist hún meðal annar fá frá Gloriu Vanderbilt.

Skartgripahönnuðurinn Hendrikka Waage heldur málverkasýningu á verkum sínum í versluninni Evu. Sýningin hefst í dag og stendur til 22. ágúst. Hendrikka hóf að mála fyrir rúmum þremur árum og hefur að undanförnu stundað nám við London Academy of Arts, samhliða starfi sínu sem skartgripahönnuður.

Sagt að gleyma módeli

„Þetta er áhugamálið mitt. Ég hélt fyrstu sýninguna mína á Íslandi í júní og þá seldust allar myndirnar upp," segir Hendrikka.

Hún býr að staðaldri í sveitinni fyrir utan London í Bretlandi, en er nú stödd hér á landi.

Um er að ræða portrett myndir sem gerðar eru án módels. „Kennarinn minn sagði mér að ég væri með einhvern stíl, líka þegar ég var að mála með módel fyrir framan mig. Hann sagði mér að gleyma þessu og hvatti mig til að halda áfram með þennan stíl."

Eitt eyra

Um er að ræða olíupastelverk sem byggja á sömu heildarhugmyndinni, en þau eru mjög litrík. „Ég kalla þetta Dásamlegar verur. Þetta er naívismi og mjög litaglatt. Ég fæ sjálf mjög mikla gleði af því að mála þessar myndir og ég vona að það sjáist á þeim. Það er ótrúleg gleði sem fylgir því að klára hvert verk."

Innblástur frá merkilegum listakonum

Þá vekur athygli að verurnar eru aðeins með eitt eyra. „Þú þarft ekki að hlusta á allt, það er það sem ég túlka út úr þessu, en ég vil leyfa áhorfandanum að túlka verkin á þann hátt sem hann sér þau."

Innblásturinn sækir hún til tveggja merkilegra kvenna. „Annars vegar Gloriu Vanderbilt, sem féll frá í fyrra. Ég hef fylgt henni í gegnum lífið, allt frá því mamma talaði um hana þegar ég var lítil. Hún var mikil listakona. Síðustu ár fór hún að búa til afskaplega skemmtilegar myndir sem hún sýndi á Instagram," segir Hendrikka. Svo er það króatíska listakonan Ana Tzarev. „Hún er stórkostlegur listamaður sem notar mikið þessa skæru liti, hún hefur veitt mér mikinn innblástur."

Hægt er að fylgjast með Hendrikku á Instagram undir Hendrikkawaagepersonal. **arib@frettabladid.is**

Verk Hendrikku eru unnin með olíupastel og eru mjög litrík.

Innblásturinn að litadýrðinni sækir Hendrikka til Önu Tzarev.

Hendrikka leyfir áhorfendum að túlka hví verurnar hafa eitt eyra.

KENNARINN MINN SAGÐI MÉR AÐ ÉG VÆRI MEÐ EINHVERN STÍL, LÍKA ÞEGAR ÉG VAR AÐ MÁLA MEÐ MÓDEL FYRIR FRAMAN MIG. HANN SAGÐI MÉR AÐ GLEYMA ÞESSU OG HVATTI MIG TIL AÐ HALDA ÁFRAM MEÐ ÞENNAN STÍL.

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

BYKO

PHOENIX
síðan 1958

Reiðhjól

26” götuhjól, 6 gíra
með brettum,
bögglabera og körfu.

Þú sparar:
9.995

19.000

49620201
Almennt verð: 28.995

34%

NAPOLEON
ROGUE

Gasgrill

R425 10,6 kW, grillgrind
60x45cm úr pottjárni.

69.997

506600036
Almennt verð: 99.995

Þú sparar:
29.998

30%

Kílóvött **10,6**
Brennarar **3**

Öll Napoleon grill á afslætti 30%

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

LAGERHREINSUN

Sjá fleiri tilboð á byko.is

GARDENA

Rafmagnssláttuvél

Powermax 42E. 1200 W,
sláttubreidd 32 cm.
Létt og þægileg í notkun.

50%

14.998

54904073
Almennt verð: 29.995

Þú sparar:
14.997

Valdar flísar á frábæru verði

flísar sem hætta í sölu á enn meiri afslætti
- síðustu eintök - fyrstur kemur, fyrstur fær!

Mesta úrvalið er í verslun Breidd

BOSCH

Sláttuorf

280W, 23 cm sláttubreidd, 1,7kg.

5.877

748903230
Almennt verð: 9.795

Þú sparar:
3.918

40%

Einhell®

Hekkklippur/Hekksnyrtir

GC-CG 3,6 V Li. Hleðslutími 3-5 klst.
Vinnutími 60mín, klippibreidd grasklippu
7cm, klippilengd hekkklippu 10cm.
Hámarks greinasverleiki 8mm.

40%

5.997

74830059
Almennt verð: 9.995

Þú sparar:
3.998

BOSCH

Klippur

Easyprune 3,6V,
1,5Ah rafhlöðuklippur.

30%

12.597

74897859
Almennt verð: 17.995

Þú sparar:
5.398

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á byko.is

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000 **RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Torg ehf. **DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BÓKAMARKAÐUR ÁRMÚLA 42
Úrval nýrra og notaðra bóka!
OPIÐ mán.-lau. kl. 11-18
Bókakaffið

BAKÞANKAR

Thomasar Möller

Verum byrjendur

Um daginn fékk ég bréf frá Berlín: „Herr Möller, okkur þykir leitt að tilkynna þér að allt sem við kenndum þér í háskólanum fyrir 40 árum er úrelt. Hafir þú ekki stundað símenntun þá biðjum við þig að endursenda verkfræðiskírteinið þitt“. Þar sem ég hef ávallt verið duglegur við að endurmennta mig fékk ég að halda skírteininu mínu!

Tom Vanderbilt, blaðamaður og bloggari, er að gefa út bókina „Byrjendur: Ánægjan og breytingarnar sem símenntun hefur í för með sér“. Þar fjallar Tom um þá bábilju að menntun sé bara ætluð ungu fólki. Hann hvetur til að fólk afli sér menntunar alla ævi, vera forvitinn og prófa nýja hluti langt fram á efri ár, það auki víðsýni, lífsgleði og andlega heilsu. Hann spyr af hverju við hættum flest að læra eftir unglingsárin. Höfum við gleymt ánægjunni sem fylgir því að byrja frá grunni...vera byrjandi í einhverju? Er kannski of seint að kenna gömlum hundi að sitja?

Tom byrjar á einhverju nýju á hverju ári. Í ár lærir hann að tefla, syngja, teikna, kasta keilum og stunda brimbretti. Nýlega tapaði hann fyrir 8 ára strák í skák. Ég hef reynt að læra eitthvað nýtt á hverju ári. Ég var elsti nemandinn í MBA-2009 í HR, trommunámskeið gaf mér innsýn í heim rytmans, gítarnámið byrjar aftur í haust og mótorhjólaprófið færði mér 4.500 kílómetra ævintýraferð um Marokkó í hitteðfyrra.

Í bókinni segir Tom frá því hvaða óteljandi kosti það hefur að vera fullorðinn byrjandi. Hann lýsir því hvað forvitni á efri árum getur verið gefandi... og lengir lífið!

Þótt Berlínarbréfið hafi ekki borist mér í raun eiga skilaboð þess vel við. Gömul prófskírteini falla í verði, ekki síst nú þegar tækni og þekkingu fleygir fram hraðar en nokkru sinni fyrr. Hvað ætlar þú að læra nýtt í haust ágæti lesandi?

Fyrir svanga ferðalanga
Kvikk ON THE GO | ORKAN

STJÖRNU POPP/OSTAPOPP 90/100 G
249 KR/STK
2490/2767 KR/KG
Kvikk ON THE GO | ORKAN

SÓMI
Sóma Vefjur
★ FERSKAR NÝJUNGAR ★
— ÞAÐ ER BARA ÞANNIG SEM VIÐ RÚLLUM —
FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO

KJÚKLINGA ★ KEBAB ★
Flatbrauð, kebab kjúklingur, sósa, tómatar, kál, laukur.
BEST GRILLAÐ

★ FALAFEL ★ OG TZATZIKI
Flatbrauð, falafel, tómatar, jalapeno, rauðlaukur, klettasalat, tzatziki.
VEGAN